



ÁRSSKÝRSLA 2014



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

ÁVARP FORSTJÓRA

Póst- og fjarskiptastofnun gegnir mikilvægu eftirlits- og umsjónarhlutverki á tveimur sviðum samfélagsins sem einkennast af miklum og æ hraðari breytingum. Fjarskiptageirinn er í síbreytilegu landslagi þar sem markaðs-aðilum fjölga eftir því sem fjölbreytni í tækni og notkunarmöguleikum hennar eykst. Um leið er póstmarkaðurinn í miðju breytingaferli sem helgast ekki síst af fækkun hefðbundinna bréfasendinga í takt við aukin rafræn samskipti, en á sama tíma fjölga bögglasendingum með aukningu verslunar á netinu. Jafnframt þessu er lagaumhverfi og regluverk stöðugt að taka breytingum í takt við þá stefnumörkun og aðstæður sem ríkja á hverjum tíma.



Eitt af hlutverkum stofnunarinnar er að leggja til sérfræðipækkingu við stefnumörkun stjórnvalda og vinna síðan að framkvæmd þeirra áætlana sem gerðar eru. Til að sinna þessu hlutverki sínu þarf starfsfólk stofnunarinnar að hafa haldgóða þekkingu á þeim mikilvægu innviðum samfélagsins sem stofnunin sinnir, yfirsýn yfir þá þróun sem þar á sér stað og getu til að greina og bregðast við eftir því sem þörf er á. Á árinu tóku fulltrúar stofnunarinnar t.d. þátt í vinnu starfshóps um landsáttak í uppbyggingu fjarskiptainnviða, en markmið þeirrar vinnu var m.a. að setja fram valkosti um það hvernig tryggja megi öllum landsmönnum aðgang að breiðbandi. Tillögur starfshópsins, Ísland ljóstengt, ganga út á að útrýma markaðsbresti í aðgengi að breiðbandi með því að tryggja nær öllum þeim sem í dreifbýli búa aðgang að breiðbandi.

Árið 2014 bar ekki einungis með sér breytingar og nýjungar á þeim sviðum sem Póst- og fjarskiptastofnun starfar á, heldur komu einnig upp hugmyndir um breytingar varðandi stöðu stofnunarinnar sjálfar. Á árinu hófst vinna stjórnvalda við að endurskoða stofnanafyrirkomulag varðandi eftirlit með póst- og fjarskiptamörkuðum. Í ljósi hugmynda hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar hafa innanríkisráðherra og atvinnuvegaráðherra fengið ráðgjafafyrirtæki til að kanna fýsileika mögulegrar sameiningar/samstarfs PFS, Samkeppniseftirlitsins, Fjölmiðlanefndar og raforku-eftirlits Orkustofnunar.

PFS hefur bent á þætti í starfi stofnunarinnar sem samrúmast illa starfi annarra stofnana sem rætt hefur verið um í þessu sambandi. Þetta á t.d. við um úthlutun tíðniheimilda, sem er í raun úthlutun náttúruauðlinda, og eftirlit með heildslökostnaði á markaði, sem hvoru-tveggja eru dæmigerðar ex. ante stjórnsýsluathafnir, þ.e. horfa til framtíðar, hafa áhrif á markaðsstöðu og því samkeppnisstöðu fyrirtækja á samkeppnismarkaði. PFS telur vandséð að ákvarðanir af þessu tagi rúmist svo vel sé innan sömu stofnunar og hefur með samkeppnismál að gera og starfar á grundvelli ex. post stjórnsýslu, þ.e.

horfir einna helst til fortíðar um möguleg brot t.d. á samkeppnislögum. Ný stofnun væri þá í þeirri stöðu að úthluta gæðum eða samþykkja gjaldskrár sem hefðu áhrif á samkeppnisstöðu, en um leið að vera óháður úrskurðaraðili í því samkeppnisumhverfi sem stofnunin hefur mótað með ex. ante ákvörðunum sínum.

FJARSKIPTAMÁL

ÓVISSA Í NETÖRYGGISMÁLUM

Netöryggi er sífellt mikilvægari þáttur varðandi öryggismál samfélagsins alls. Á árinu tóku fulltrúar PFS þátt í stefnumótunavinnu innanríkisráðherra um net- og upplýsingaöryggi 2014 til 2025 ásamt mótun aðgerðaráætlunar til næstu ára. Með stefnunni er ætlunin að efla þekkingu og áfallaþol vegna netógnna og bæta löggjöf og löggæslu. Á fyrri hluta ársins tók þáverandi innanríkisráðherra ákvörðun um að flytja skyldi netöryggissveitina CERT-ÍS frá PFS til embættis ríkislögreglustjóra. Ekki náðist þó að ljúka því máli á árinu en stefnt er að því á árinu 2016. Allt frá því að ákvörðunin lá fyrir hefur þetta millibilsástand skapað óvissu um framtíðarfyrirkomulag og starfsemi sveitarinnar, á tímum þar sem netógnir fara sífellt vaxandi og taka á sig nýjar og nýjar myndir gagnvart almenningi, fyrirtækjum og mikilvægum innviðum samfélagsins.

STUTT VIÐ ÚTBREIÐSLU BREIÐBANDS

Í fjarskiptaáætlun 2011-2022 eru sett markmið um aðgang að breiðbandi þannig að árið 2022 skuli allir landsmenn hafa aðgang að 30 Mb/s tengingu og 99% skuli hafa aðgang að 100 Mb/s tengingu. PFS hefur skýra stefnu um það hvernig unnið skuli að því að ná þessum markmiðum. Stefnan byggir á fjórum meginþáttum. Í fyrsta lagi skal stuðlað að aukinni útbreiðslu fjarskipta og bættu aðgengi að breiðbandstengingum með því að nýta ákvæði fjarskiptaregluversins til uppbyggingar, m.a. með því að stuðla að aukinni samkeppni í fjarskiptum. Í öðru lagi hvetur stofnunin til samstarfs og samlegðar við uppbyggingu fjarskipta-

innviða á þeim svæðum þar sem markaðsbrestur ríkir. Í þriðja lagi nýtir stofnunin lagaheimildir sínar varðandi alþjónustu og í fjórða og síðasta lagi geta stjórnvöld, t.d. ríkið eða sveitarfélög, veitt ríkisstyrkjum til uppbyggingar fjarskiptainnviða þegar önnur úrræði eru tæmd. Hefur stofnunin unnið að því að þýða og kynna reglur um ríkisstyrki til uppbyggingar fjarskiptainnviða. Hafa verið haldnir kynningarfundir víða um land fyrir sveitarstjórnir vegna þessa.

FJÖLBREYTT VERKEFNI

Innan PFS er unnið að því að setja saman gagnagrunn sem inniheldur upplýsingar um alla fjarskiptainnviði landsins. Með því móti er hægt að kortleggja nákvæmlega stöðu og útbreiðslu fjarskipta til að auðvelda stefnumótun og skipulag. Jafnframt nýtist gagnagrunnurinn vel í innra starfi stofnunarinnar, t.d. við skipulag ljósvakans og truflanaleit í radiónetum.

Eitt af mikilvægustu verkefnum stofnunarinnar er að safna ítarlegum upplýsingum um tölfræði fjarskiptamarkaðarins. Er það m.a. gert til að meta skilvirkni og árangur af starfi stofnunarinnar hvað varðar þróun samkeppni á fjarskiptamarkaði. Úr tölfræðinni má lesa að samkeppni á farnetsmarkaði er orðin nokkuð þróuð þar sem þrjú stærstu félögin hafa nokkuð jafna markaðshlutdeild. Á markaði fyrir internet-tengingar hefur Síminn sterka stöðu með um helming hlut, Vodafone með um þriðjung og aðrir minna. Samkeppni á markaði fyrir fastanet hefur þróast minnst, en þar er Síminn langstærstur. Þetta sýnir að starf stofnunarinnar við að þróa samkeppni á markaðnum hefur borið verulegan árangur, neytendum til hagsbóta.

Auk reglubundinna verkefna þá tekur stofnunin á ári hverju fyrir ákveðin verkefni til að þróa samkeppni á markaðnum, bæta aðgengi að þjónustu og efla öryggi.

Á árinu 2014 tók gildi nýtt fyrirkomulag varðandi miðlun símaskrárupplýsinga, en fram til þess tíma hafði fyrirtækið Já verið nær einrátt um að veita þjónustu um upplýsingar um símanúmer o.fl. Hið nýja fyrirkomulag hefur það í för með sér að keppinautar Já geta nú nálgast réttar símaskrárupplýsingar og byggt þjónustu sína á sama grunni og Já hefur gert.

Við uppboð á fjarskiptatíðnum fyrir fjórðu kynslóð farsíma árið 2013 var opnað á það að farsímafélög gætu sameiginlega byggt upp innviði farneta þó þau kæmu fram sem ótengdir aðilar gagnvart neytendum. Í framhaldi af uppboðinu heimilaði PFS Vodafone og NOVA slíkt samstarf að uppfylltum skilyrðum

Samkeppniseftirlitsins. Með þessu kemur stofnunin til móts við það markmið að gera uppbyggingu fjarskiptakerfa hagkvæmari og samnýta þau, en stuðla engu að síður að samkeppni á neytendahlutanum.

PÓSTMÁL

Málefni Íslandspósts hafa verið nokkuð til umræðu undanfarið. Minnkandi póstmagn hefur leitt til þess að afkoma af pósthjónustu hefur versnað og hefur m.a. þurft að hækka verð einkaréttarþjónustu. Einnig hefur dreifikerfið verið einfaldað með það að markmiði að draga úr kostnaði. Lengi hefur staðið til að innleiða tilskipanir ESB um póstmál, sem m.a. hefðu það í för með sér að einkaréttur Íslandspósts á útburði bréfa undir 50g væri afnuminn. Unnið er að undirbúningi þess. Við afnám einkaréttar þarf að taka afstöðu til þess með hvaða hætti alþjónusta, þ.e. reglubundin dreifing pósts inn á öll heimili landsins, verði fjármögguð, sé þess þörf og hefur stofnunin unnið að því undanfarin misseri.

LOKAORÐ

Ákvörðun um opnun fjarskiptamarkaðarins var tekin undir lok síðustu aldar. Fára grunaði á þeim tíma hversu miklar breytingarnar yrðu á fjarskiptamarkaðnum á tæpum tveimur áratugum. Fyrirséð er nú að hefðbundin rásaskipti fjarskipti muni heyra sögunni til innan fárra ára og við taki þjónusta sem byggir á nýrri tækni, nýrri hugmyndafræði og nýjum viðskiptamódelum. Við þekkjum og notum ýmsa slíka þjónustu í dag eins og samfélagsmiðla og efnisveitur. Þjóðfélög og markaðsaðilar standa frammi fyrir nýjum tækifærum og áskorunum. Markaðsaðilar þurfa að gerbreyla nálgun sinni á markaðinn. Nauðsynlegt er að aðlaga regluverk fjarskipta að þessum breytingum og huga að jöfnun aðstöðu þeirra sem falla undir fjarskiptaregluverkið og þeirra sem ekki gera það. Þjóðfélög, hafa verið svífasein að bregðast við og aðlaga sig að breytingunum t.d. með viðeigandi laga-setningum. T.d. þarf að huga að réttindum neytenda, þar sem upplýsingar um hegðun neytandans á netinu eru nú orðnar verzlunarvara og gjaldmiðill fyrir aðgang að ýmissi þjónustu sem ekki krefur neytendur um bein gjöld fyrir þjónustuna. Almennt er ástæða til að fagna þessum breytingum, en á sama tíma þarf að huga að hagsmunum neytenda og heildarhagsmunum þjóðfélagsins gagnvart hugsanlega skekktri samkeppnisstöðu innlendra markaðsaðila og ýmsum öryggisógnum sem beinast að viðkvæmum innviðum samfélagsins.

Hrafnkell V. Gíslason


FJARSKIPTAMÁL

FYLGST MEÐ STÖÐU FJARSKIPTAMARKAÐARINS


Stofnunin safnar tvisvar á ári ítarlegum tölfraeðiupplýsingum sem sýna stöðu fjarskiptamarkaðarins. Er það m.a. gert til að meta skilvirkni og árangur af starfi stofnunarinnar hvað varðar þróun samkeppni á þessum markaði. Gögn fyrir árið 2014 sýna t.d. að á farnetsmarkaði er markaðsskipting milli 3ja stærstu félaganna, Símann, Nova og Vodafone nokkuð jöfn en á markaði fyrir internet tengingar hefur Síminn um 50%, Vodafone um 30%, 365 með 13% og aðrir minna. Samkeppni á markaði fyrir fastanet hefur þróast minnst, en þar er Síminn langstærstur með um 72% markaðshlutdeild.

FARSÍMAÁSKRIFTIR

Markaðshlutdeild eftir fyrirtækjum



FJÖLDI INTERNETTENGINGA



MARKAÐSGREININGAR

Markaðsgreiningar á fjarskiptamarkaði eru stór þáttur í starfi PFS. Þeim er beitt til að efla samkeppni með því að greina stöðu markaðsaðila og leggja á viðeigandi úrræði ef samkeppni er ekki talin vera næg. PFS framkvæmir greiningar á þeim mörkuðum sem tilgreindir eru í tilmælum ESA, í samræmi við fjarskiptalög og skuldbindingar Íslands skv. EES-samningnum. Fjarskiptalöggjöfin gerir jafnframt ráð fyrir því að PFS skilgreini þessa markaði í samræmi við séríslenskar aðstæður. Því má gera ráð fyrir að markaðsskilgreining PFS geti verið frábrugðin þeirri sem er í tilmælunum. PFS er jafnframt heimilt að rannsaka aðra fjarskiptamarkaði en þá sem taldir eru upp í tilmælunum. Nügildandi tilmæli ESA voru gefin út 5. nóvember 2008, en í þeim eru mun færri markaðir tilgreindir heldur en í fyrri tilmælum ESA um sama efni sem gefin voru út árið 2004. Talið var að

almennt uppfylltu ekki allir markaðirnir í tilmælunum frá 2004 lengur þau skilyrði sem eru forsenda þess að beita megi fyrirfram kvöðum. Þeir markaðir sem skylt er að taka til skoðunar samkvæmt nügildandi tilmælum ESA eru eftirfarandi:

1. Aðgangur að fasta talsímanetinu fyrir heimili og fyrirtæki.
2. Upphaf símtala í fastaneti.
3. Lúkning símtala í einstökum fastanetum.
4. Aðgangur að föstum aðgangsnæmum (þ.m.t. skiptur og óskiptur aðgangur).
5. Breiðbandsaðgangur.
6. Lúkningarhluti leigulína.
7. Lúkning símtala í einstökum farsímanetum.

Á árinu 2014 lauk stofnunin greiningu á ofangreindum mörkuðum. Auk þess var unnið að endurskoðun á stofnlínemarkaði (áður markaður 14) sem fyrirhugað er að ljúka á árinu 2015. Enn fremur verður áfram lögð áhersla á að fylgja eftir þeim kvöðum sem lagðar hafa verið á í kjölfar markaðsgreininga, og þá sérstaklega kostnaðargreiningum á heildsöluverðum.

FRAMKVÆMD MARKAÐSGREININGAR MÁ SKIPTA Í ÞRJÁ ÁFANGA:

- Skilgreina viðeigandi þjónustumarkaði og landfræðilega markaði.
- Greina alla markaði, kanna hvort samkeppnin á þeim sé virk og taka ákvörðun um hvort þar finnist eitt eða fleiri fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild.
- Taka ákvörðun um hvort leggja skuli á, viðhalda, breyta eða draga til baka kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild.

HELSTU VERKEFNI Á SVIÐI MARKAÐSGREININGA Á ÁRINU 2014

Smásöllumarkaður fyrir lágmarksframboð af leigulínum
Þann 23. apríl 2014 birti PFS ákvörðun sína nr. 7/2014 varðandi smásöllumarkað fyrir lágmarksframboð af leigulínum (áður markaður 7).

Niðurstaða PFS var á þá leið að útnefning Símans sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði frá 2007, (sjá ákvörðun PFS nr. 20/2007), var felld niður. Þar með féllu niður þær kvaðir sem lagðar voru á Símann með þeirri ákvörðun.

PFS telur að veigamestu aðgangshindranirnar sem áður voru ríkjandi á þessum markaði séu ekki lengur til staðar í þeim mæli að geta talist miklar og viðvarandi. Einnig telur PFS að þau fjarskiptafyrirtæki sem hafa þörf fyrir að bjóða viðskiptavinum sínum leigulínur í smásölu eigi greiðan aðgang að heildsölupjónustu sem þjónar þörfum þeirra, sbr. kvaðir á heildsöllumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína (markaði 6), sem nú er í samráðsferli hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) (sjá frétt PFS frá 3. apríl 2014) Stofnunin telur engu að síður þörf á því að fylgjast náið með markaðnum og er hún tilbúin að taka til skoðunar hvort gera þurfi aðra greiningu ef aðstæður breytast verulega.

Umræddur smásöllumarkaður er skilgreindur sem lágmarksframboð á leigulínum með flutningsgetu allt að 2 Mb/s til endanlegra notenda. Notendur eru þeir sem nota þjónustuna í eigin þágu og nýta hana ekki sem aðföng fyrir fjarskiptapjónustu til endursölu, þ.e. heimili og

fyrirtæki. Þetta á því ekki við önnur fjarskiptafyrirtæki. PFS skilgreinir leigulínur sem stöðuga flutningsgetu á merkjasendingum milli fyrirfram skilgreindra punkta.

Heildsöllumarkaður fyrir lúkningarluta leigulína

Þann 6. maí 2014 birti PFS ákvörðun sína nr. 8/2014 varðandi heildsöllumarkað fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 6).

Niðurstaða PFS var að Mila er áfram með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði eins og fyrirtækið var með samkvæmt markaðsgreiningu árið 2007, sbr. ákvörðun PFS nr. 20/2007. Í ákvörðuninni frá 2007 var Símann einnig í þeirri stöðu, en öll leigulínustarfsemi Símans á heildsölustigi var síðan færð yfir til Milu. Því var Símann ekki útnefndur í markaðsráðandi stöðu á viðkomandi markaði. Þær kvaðir sem lagðar voru á Milu með ákvörðuninni frá 2007 halda því gildi sínu með tilteknum viðbótum með þessari nýju ákvörðun.

Þrátt fyrir innkomu Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og fleiri staðbundinna netrekenda var markaðshlutdeild Milu enn um 70-80% samkvæmt algengustu viðmiðum um markaðshlutdeild og enn verulegar aðgangshindranir ríkjandi á viðkomandi markaði að mati PFS.

Lúkningarluta leigulína er skilgreindur sem aðgangsmarkaður á heildsölustigi fyrir stöðuga afkastagetu á merkjasendingum á þeim hluta fjarskiptanetsins þar sem notandinn hefur einn aðgang að allri tengingunni. Markaðurinn liggur á milli notandans (heimili eða fyrirtæki) og hnútpunkta/símstöðva og tengja notendur við einn punkt þar sem stofnlínukerfið tekur við. Þessi sambönd eru leigð öðrum fjarskiptafyrirtækjum sem gerir þeim kleift að veita þjónustu á ýmsum smásöluörkuðum eins og t.d. talsímþjónustu, internetþjónustu og aðra gagnaflutningsþjónustu. Markaðurinn nær yfir bæði stafrænar og hliðrænar línur og sambönd með allri mögulegri tækni og flutningsmiðlum. Flutningsmiðlar geta verið ljósleiðari, kopar og þráðlaus sambönd.

Heildsöllumarkaðir fyrir aðgang að föstum aðgangs-netum og breiðbandi

Þann 13. ágúst 2014 birti PFS ákvörðun sína nr. 21/2014 varðandi heildsöllumarkað fyrir aðgang að heimtaugum (markaður 4) og bitastraumi (markaður 5).

Niðurstaða PFS var sú að viðhalda útnefningu Milu, sbr. ákvörðun stofnunarinnar nr. 26/2007, sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heimtaugamarkaði (markaður 4) og leggja viðeigandi kvaðir á félagið.

Auk þess að viðhalda tilteknum kvöðum á Milu lagði stofnunin frekari kvaðir á félagið sem greiða eiga fyrir aukinni samkeppni á viðkomandi markaði. Þrátt fyrir innkomu Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og fleiri staðbundinna netrekenda var markaðshlutdeild Milu enn um 83% og enn eru verulegar aðgangshindranir ríkjandi á viðkomandi markaði að mati PFS. Þá útnefndi PFS Milu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir breiðbandsaðgang í heildsölu (markaður 5) og lagði víðeigandi kvaðir á félagið til að efla samkeppni. Með ákvörðun PFS nr. 8/2008 var Síminn hf. útnefndur sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. Í kjölfar sáttar móðurfélags Símans og Milu, Skipta, og Samkeppniseftirlitsins árið 2013 fluttist sú breiðbandsstarfsemi samstæðunnar frá Símanum til Milu. Mila hefur langstærstu markaðshlutdeildina á viðkomandi heildsölumarkaði, en félagið er með um 76% markaðshlutdeild þegar innri sala er ekki talin með.

Markaður 4 nær yfir aðgang að kopar- og ljósleiðaraheimtaugum, bæði skiptan og óskiptan aðgang. Markaðurinn nær því yfir áþreifanlega innviði fjarskiptanetanna; heimtaugarnar sjálfar, tengivirki, magnara o.fl. Á heimtaugarnar er hægt að bæta við ýmsum tæknilegum kerfum þar sem hin eiginlega þjónustuframleiðsla fer fram. Sú þjónusta krefst þess að endanotendur geti bæði sent og móttækið gögn. Þessa þjónustu sem fer fram á netinu, t.d. internetið, tölvupóstur, sjónvarpsdreifing (IPTV) og fleira, er síðan öðru fremur fjallað um á markaði 5. Ekki er nægilegt að hafa aðgang að heimtaug til að koma á breiðbandsþjónustu. Að sama skapi er nauðsynlegt að hafa aðgang að einhvers konar fjarskiptainnviðum til að koma á breiðbandsþjónustu. Þess vegna eru þessir markaðir háðir hvor öðrum og greindir saman.

PFS lagði, eins og að ofan greinir, víðeigandi kvaðir á Milu á viðkomandi mörkuðum til að efla samkeppni í fjarskiptum. Um er að ræða aðgangskvöð, jafnræðiskvöð, gagnsæiskvöð, kvöð um bókhaldslegan aðskilnað, kvöð um eftirlit með gjaldskrá og kvöð um færslu kostnaðarbókhalds.

Helstu breytingar frá fyrri greiningum felast í því að nú ná greiningarnar og kvaðirnar bæði yfir kopar- og ljósleiðaranet Milu en þær náðu aðeins yfir koparnet Milu fram til þessa. Hins vegar lagði PFS ekki verðkvöð á ljósleiðaraþjónustu Milu uppfylli félagið tiltekin skilyrði þar að lútandi. Skilyrðin felast m.a. í mun strangari jafnræðiskvöð en áður og varnögglum um að samkeppnisaðilum Skiptasamstæðunnar (Mila og Síminn) sé

mögulegt að leika þjónustuframboð samstæðunnar eftir, tæknilega og efnahagslega, með sjálfbærum hætti á eðlilegum samkeppnislegum forsendum. Uppfylli Mila ekki þessi skilyrði áskilur PFS sér heimild til að leggja verðkvöð á félagið varðandi þessa þjónustu.

Lúkningarverð samtala í farsímanetum

Í október birti PFS ákvörðun sína nr. 21/2014 um verðsamanburð á heildsölumarkaði fyrir lúkningu samtala í einstökum farsímanetum (markaður 7). Var þessi ákvörðun nánari útfærsla á fyrri ákvörðun stofnunarinnar nr. 3/2012 um markaðsgreiningu á heildsölumarkaði fyrir lúkningu samtala í einstökum farsímanetum. Samkvæmt verðsamanburðinum skyldi hámarksverðið lækka í 1,52 kr./mín. um áramót 2014/2015. Framkvæmd og niðurstöðu verðsamanburðarins er nánar lýst í ákvörðuninni sjálfri. Lúkningarverð, sem gilti á árinu 2014, var ákvarðað með ákvörðun PFS nr. 25/2013 frá 31. október 2013 en þá kvað stofnunin á um að lúkningarverð skyldu lækkuð úr 4 kr./mín. í 1,64 kr./mín., frá og með 1. janúar 2014.

Ákvarðanir PFS um hámarkslúkningarverð byggja á ákvörðun nr. 3/2012 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu samtala í einstökum farsímanetum (markaður 7). Samkvæmt þeirri ákvörðun skal jafna og lækka hámarkslúkningarverð, þ.e. verð sem farsímafyrirtæki tekur fyrir að ljúka samtali í sínu kerfi sem hefst í öðru kerfi.

Lúkningarverð allra farsímarekenda hér á landi hafa verið jöfn frá 1. janúar 2013, en höfðu um árabíl verið ójöfn og mun hærrí en þau eru nú. Skv. ákvörðun 3/2012 skal PFS framkvæma árlegan verðsamanburð til að ákvarða lúkningarverð og skal ákvörðunin birt eigi síðar en 1. nóvember ár hvert, að undangengnu innanlandssamráði og samráði við Eftirlitsstofnun EFTA, ESA. Niðurstaðan skal byggjast á meðalverði þeirra EES-ríkja sem beita þeirri aðferðarfræði við kostnaðargreiningu sem nánar er lýst í ákvörðun PFS nr. 3/2012.

PFS hyggst á árinu 2015 endurskoða ákvörðun sína nr. 3/2012 um markað 7.

Heildsölumarkaður fyrir stofnlínuhluta leigulína

Í desember 2014 birti PFS frumdrög að markaðsgreiningu á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14 skv. eldri tilmælum ESA). Þessi markaður var síðast greindur með ákvörðun PFS

nr. 20/2007. Þá voru Síminn og Mila útnefnd sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á umræddum markaði. Viðeigandi kvaðir voru lagðar á félögin til að freista þess að leysa úr þeim samkeppnisvandamálum sem greind höfðu verið á umræddum markaði.

Markaður fyrir stofnlínuhluta leigulína er mikilvægur markaður fyrir fjarskiptafyrirtæki þar sem hann nær yfir tengileiðir milli símstöðva og dreifingarstaða, þ.á.m. tengingar á milli landshluta, og geta þetta verið mjög öflugar tengingar. Heildsölumarkaður fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 6) var greindur með ákvörðun PFS nr. 8/2014, en sá markaður nær yfir tengileiðir í aðgangsneti á milli símstöðva/hnútpunkta og endanotenda (heimila og fyrirtækja). Mila var útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á þeim markaði og viðeigandi kvaðir voru lagðar á félagið til að freista þess að leysa úr greindum samkeppnisvandamálum.

Það er fyrirhuguð niðurstaða PFS að Mila sé enn með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína en Síminn starfar hins vegar ekki lengur á viðkomandi markaði. PFS hyggst því viðhalda kvöðum á Milu.

PFS hyggst á árinu 2015 birta ákvörðun sína varðandi þennan markað.

BREYTT FYRIRKOMULAG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU UM SÍMANÚMER

Útgáfa rafrænnar og prentaðrar símaskrár ásamt upplýsingaþjónustu um símanúmer telst til alþjónustu, sem eru tilteknir þættir fjarskiptaþjónustu sem skulu standa öllum landsmönnum til boða á viðráðanlegu verði. Lengst af hvíldi sú skylda að veita þessa þjónustu á Símanum hf. (og forverum hans) og síðar á fyrirtækinu Já upplýsingaveitum hf. Reynsla undanfarinna ára hafði leitt í ljós að forsendur væru til þess að þessi þjónusta yrði boðin fram á markaðsforsendum.

Með tilliti til þessa sendi Póst- og fjarskiptastofnun frá sér samráðsskjal árið 2013 þar sem kynnt voru áform stofnunarinnar um að aflétta kvöðinni á Já upplýsingaveitur hf. um að halda úti rafrænni símaskrá og um að veita upplýsingaþjónustu um símanúmer. Niðurstaða samráðsins leiddi í ljós að Já var tilbúið að skuldbinda sig til útgáfu prentaðrar símaskrár til þriggja ára án sérstakrar kvaðar þar um og tók stofnunin, á grundvelli

þess, ákvörðun um að leggja ekki slíka kvöð á ný á félagið.

Í júní 2014 sendi Póst- og fjarskiptastofnun nýjar leiðbeinandi verklagsreglur til fjarskiptafyrirtækja um skráningu og miðlun upplýsinga um símanúmer. Þar er farið yfir hvernig best sé að samræma tæknilega framkvæmd á miðlun upplýsinganna, fyrir þau fjarskiptafyrirtæki sem úthluta símanúmerum. Markmiðið er að tryggja skilvirkni og jafna samkeppnisstöðu aðila og voru reglurnar unnar í samráði við hagsmunaaðila. Til að jafna samkeppnisstöðu milli Já upplýsingaveitna hf. og annarra aðila sem hyggjast starfrækja upplýsingaþjónustu um símanúmer var númerið 118 afturkallað með hæfilegum aðlögunartíma og skyldi notkun þess hætt eigi síðar en 30. júní 2015 og símaskrárupplýsingar framvegis veittar í númeraröðinni 1800-1899.

Nýtt fyrirkomulag á miðlun símaskrárupplýsinga felur m.a. í sér eftirfarandi:

Grunnupplýsingar um einstakling eða lögaðila sem kýs að vera skráður í símskrá eru: Nafn, heimilisfang, pósthúmer og símanúmer, auk bannmerkis ef viðkomandi kýs.

Fjarskiptafyrirtæki, sem úthluta símanúmerum, bera ábyrgð á réttleika grunnupplýsinga um áskrifendur sína í símaskrá og er skylt að miðla þeim til annarra fjarskiptafyrirtækja og/eða upplýsingaþjónustuveitenda sem eftir þeim óska.

Fjarskiptafyrirtækjum, sem úthluta símanúmerum, er heimilt að útvísta vinnslu og skráarhaldi um símaskrárupplýsingar til vinnsluaðila.

Í samningum við vinnsluaðila eða þjónustuveitanda um miðlun upplýsinga til þjónustuveitenda skal vera skilmáli um að upplýsingar um allar breytingar sem gerðar eru á grunnupplýsingum áskrifanda sé miðlað til baka til viðeigandi fjarskiptafyrirtækis sem þjónustar umræddan áskrifanda.

ENDURSKOÐUN Á ALÞJÓNUSTUKVÖÐUM

Alþjónusta er sú fjarskiptþjónusta sem allir landsmenn eiga rétt á, á viðráðanlegu verði og án tillits til búsetu. Alþjónustukvaðir eru því lagðar á fyrirtæki, eitt eða fleiri eftir landsvæðum, sem eru í stakk búin, með sem minnstum tilkostnaði, að veita umrædda þjónustu.

Í lok síðasta árs lagði Póst- og fjarskiptastofnun nýja og endurskoðaða alþjónustukvöð á Mílu um að útvega notendum tengingu við almenna fjarskiptanetið. Gerðar voru umtalsverðar breytingar á þeirri alþjónustuskyldu sem hingað til hefur hvílt á Mílu, og þar áður Símanum, en kvöðin hefur verið nær óbreytt frá árinu 2005.

Markmiðið með hinni nýju alþjónustukvöð var að rjúfa þá kyrrstöðu sem ríkt hefur um lagningu ljósleiðara til heimila í dreifbýli. Þetta var gert með því að útfæra nýja kostnaðarskiptingu í þeim tilvikum þar sem Míla kúps að leggja nýjan ljósleiðara til heimila.

Auk aðgangs að almenna fjarskiptanetinu eru t.d. talsímaþjónusta (heimasími), lágmarksgagnaflutningsþjónusta og útgáfa símaskrár og upplýsingaþjónustu um símanúmer meðal þeirra þjónustupáttá sem falla undir alþjónustu. Sumir þessara þátta eru leystir af markaðsaðilum á samkeppnisforsendum. Það á t.d. við um talsímaþjónustu og upplýsingaþjónustu um símanúmer, en kvaðir á ákveðin fyrirtæki um að veita þá þjónustu hafa verið aflagðar.

Hins vegar telur PFS nauðsynlegt að viðhalda þeirri alþjónustukvöð að útvega notendum tengingu við almenna fjarskiptanetið og tryggja þannig aðgang allra landsmanna að lágmarks síma- og gagnaflutningsþjónustu.

Hingað til hafa sveitarfélög og hagsmunaaðilar og/eða notendur sjálfir, á einstökum svæðum tekið sig til og lagt staðbundin ljósleiðaranet til að koma til móts við síauknar kröfur íbúa um bætt fjarskiptþjónustu. Án þeirra breytinga sem nú eru gerðar telur stofnunin hættu á að íbúar ákveðinna landshluta muni siltja eftir og geti ekki nýtt sér möguleika nútíma fjarskiptþjónustu í fyrirsjáanlegri framtíð.

Með þeim skyldum sem lagðar voru á Mílu er m.a. ætlað að skapa hvetjandi umhverfi fyrir félagið til að endurnýja aðgangskerfi sitt á þeim stöðum þar sem fyrirséð er að nýjar tæknilausnir muni ekki koma til. Þar

er átt við t.d. VDSL tækni sem gerir fyrirtækinu kleift að auka afkastagetu þess koparlínukerfis sem fyrir er og bjóða upp á þjónustu allt að 100 Mb/s, en slík þjónusta fellur undir skilgreiningu ESB á næstu kynslóðar aðgangsnæmum. Míla mun hins vegar, eftir sem áður, hafa fullt forræði á því hvort og hvar fyrirtæki kemur til með að endurnýja aðgangsnetið með ljósleiðara, þar sem ekki er hægt að styðjast við VDSL tækni.

Meðal þeirra breytinga sem felast í hinni nýju alþjónustukvöð eru:

- Kostnaðarhlutdeild Mílu við að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið er lækkuð úr 650.000 kr. niður í 250.000 kr. fyrir hverja heimtaug.
- Sett er þak á kostnaðarhlutdeild notanda upp að 250.000 kr., en áður þurfti notandi að greiða allan kostnað umfram 650.000 kr.
- Í þágu gagnsæis og jafnræðis eru sett ákveðin skilyrði fyrir mögulegri aðkomu jöfnunarsjóðs alþjónustu að fjármögnun verkefna, auk þess sem mælt er fyrir um 250.000 kr. hámarkskostnaðarhlut sjóðsins fyrir hverja heimtaug.
- Kvöð Mílu er landfræðilega takmörkuð og gildir hún ekki í sveitarfélögum þar sem önnur fjarskiptafyrirtæki eða sveitarfélög hafa lagt heimtaugar og hafa raunhæfar áætlanir um að viðhalda og tryggja öllum íbúum tengingu við almenna fjarskiptanetið. Verða umrædd sveitarfélög tilgreind í viðauka við ákvörðunina sem verður birtur eigi síður en 30. júní 2015.

Hin nýja ákvörðun PFS um alþjónustukvöð Mílu tekur mið af markmiðum um að hvetja til uppbyggingar á ljósleiðara- og aðgangsnæmum um land allt sem sett eru fram í þingsályktunum Alþingis um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022 og fjögurra ára framkvæmdaáætlun fyrir árin 2011-2014. Einnig er litið til fjarskiptaáætlunar fyrir Evrópu (Digital Agenda for Europe) sem hefur sama markmið um almennt aðgengi að fjarskiptum.


Við vinnslu málsins hafði stofnunin viðtækt og opið samráð við hagsmunaaðila og bærust fjölmargar umsagnir frá ýmsum aðilum, m.a. fjarskiptafyrirtækjum, einstökum sveitarfélögum og samtökum þeirra, Bygðastofnun og Bændasamtökunum.

SAMSTARF UM UPPBYGGINGU OG DREIFINGU Á FARNETSÞJÓNUSTU

Á síðustu árum hefur verið mikil framþróun í tækni við nýtingu tíðnirófsins, t.d. varðandi þjöppun og samnýtingu tíðnisviða. Í skilmálum uppboðs á tíðnum á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum, sem haldið var í mars 2013, var opnað fyrir heimild til samtarfs fjarskiptafyrirtækja um uppbyggingu og rekstur á 4G farneti, sem m.a. fæli í sér samnýtingu tíðna. Almenn er álit á að unnt sé að ná meiri hagkvæmni við uppbyggingu á háhraðaneti og meiri gagnaflutningshraða eftir því sem stærra tíðnisvið er notað til uppbyggingarinnar. Þegar um samnýtingu á tíðnisviðum tveggja eða fleiri aðila er að ræða njóta slíkir samstarfsaðilar góðs af stærðarhagkvæmni samnýttra tíðnisviða.

GAGNAMAGN Á FARNETI

Gríðarleg aukning hefur orðið á notkun gagna í farnetum (3G og 4G) frá árinu 2012.



Í nóvember 2013 kom fram beiðni frá Vodafone og Nova um að fá heimild Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir því að eiga með sér samstarf um samnýtingu á tíðnum til uppbyggingar á sameiginlegu dreifikerfi fyrir 4G farnetsþjónustu. Í framhaldinu taldi stofnunin vera þörf á opnu samráði um málið. Í samráðsskjal kom fram að félögin hygðu á stofnun félags, í jafnri eigu þeirra, sem myndi hafa með höndum eignarhald, uppbyggingu og þróun dreifikerfis fyrir alla almenna farsímaþjónustu félaganna. Ætlunin með samstarfinu væri þrjúþætt:

- Vinna sameiginlega að innleiðingu heildstæðs dreifikerfis á landsvísu
- Nýta tækniframfarir til að ná fram umtalsverðri hagráðingu í fjárfestingar- og rekstrarliðum
- Byggja upp eitt heilsteypt landsdekkandi dreifikerfi fyrir 2G/GSM, 3G/UMTS og 4G/LTE farsíma- og netþjónustu

Víðbrögð samkeppnisáðila voru blendin. Var það m.a. álit Símans að fyrirhuguð samnýting tíðna fæli í sér ólög-mætt framsal á tíðnum, en stofnuninni barst í kjölfarið kvörtun þar að lútandi. Leysti Póst- og fjarskiptastofnun úr þessum ágreiningi í ákvörðun nr. 14/2014 frá 2. júlí 2014. Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar var að samstarf félaganna um samnýtingu á tíðnisviðum fæli ekki í sér ólög-mætt framsal tíðniheimilda. Horfði stofnunin m.a. til þess að ekki var verið að framselja tíðniheimildir til hins nýja sameiginlega félags, heldur væru þær eftir sem áður í höndum Vodafone og Nova. Einnig að hið sameiginlega félag myndi ekki bjóða fram fjarskiptaþjónustu, t.d. eiga í viðskiptum um hana eða njóta tekna af henni, heldur myndu félögin tvö áfram starfa sem sjálfstæðir samkeppnisáðilar á farnetsmarkaði.

ENDURSKOÐUN Á REGLUM UM INNAHÚSSFJARSKIPTALAGNIR

Póst- og fjarskiptastofnun hefur um tíma haft hug á því að endurskoða reglur sínar, nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Er það mat stofnunarinnar að þær taki ekki nógu mikið tillit til ljósleiðaralagna, heldur byggji að mörgu leyti fremur á eldra tækniúhverfi koparheimtauga. Á hinn bóginn kveða reglurnar á um tilteknar meginreglur sem eru óháðar tækni, s.s. um öryggi tenginga, jafnræði samkeppnisaðila og vernd neytenda.

Þessu tengt leysti Póst- og fjarskiptastofnun úr ágreiningi á milli Mílu ehf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. um frágang ljósleiðaraheimtaugar og samtenginu hennar við innanhússlögn í húskassa. Kom það til vegna kvörtunar Mílu ehf. á því verklagi Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. að bræða saman ljósleiðaraheimtaugina við innanhússlögnina. Taldi Míla umrætt verklag fela í sér hindrun á aðgengi að innanhússfjarskiptalögn notenda sem leiddi til takmörkunar á samkeppni við að veita aðgang að heimtaug.

Með ákvörðun sinni nr. 32/2014 frá 1. desember 2014 komst Póst- og fjarskiptastofnun að þeirri niðurstöðu að verklag Gagnaveitu Reykjavíkur um bræðisúðu bryti gegn 7. gr. reglna nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir, en samkvæmt ákvæðinu skyldi koma fyrir strengenda ljósleiðaraheimtaugar í þar til gerðan tengilista, sem að notandi gæti tengt innanhússlögnina með tengisnúru.

Póst- og fjarskiptastofnun er kunnugt um að á vettvangi Staðlaráðs Íslands er verið að endurskoða staðalinn ÍST 150 um frágang innanhússfjarskiptalagna. Hefur stofnunin í hyggju að taka þátt í þeirri endurskoðun og uppfæra reglur sínar nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir með tilliti til þeirra breytinga sem markaðsaðilar verða ásáttir um á þeim vettvangi. Jafnframt þurfa reglur Póst- og fjarskiptastofnunar að taka mið af tilskipun nr. 2014/61/EB um lækkun kostnaðar við uppbyggingu á háhraðanetum, sem m.a. hefur að geyma kröfur um aðgengi fjarskiptafyrirtækja að innanhússfjarskiptalögnum.

NÆSTA KYNSLÓÐ AÐGANGSNETA

NÁMSKEIÐ PFS OG ESA UM REGLUR UM RÍKISSTYRKI

Í maí 2014 komu sérfræðingar frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í árlega heimsókn hingað til lands til að hitta sérfræðinga innan stjórnsýslunnar og atvinnulífsins, en hlutverk ESA er að hafa eftirlit með því að þær aðgerðir stjórnvalda á Íslandi, Noregi og Lichtenstein sem heyra undir EES-samninginn séu í samræmi við reglur hans.

Meðan á heimsókninni stóð var haldið sameiginlegt námskeið á vegum PFS og ESA um reglur um ríkisstyrki vegna háhraða fjarskiptaneta. Námskeiðið var opið fyrir alla áhugasama og sóttu það fulltrúar fjarskiptafyrirtækja og veitufyrirtækja sem standa að lagningu jarðstrengja, fulltrúar ýmissa hagsmunasamtaka og starfsmenn PFS. Starfsmenn ESA, þau Ketill Einarsson lögfræðingur, Emily O'Reilly hagfræðingur og Fabian Kaisen lögfræðingur sem öll stýra meðhöndlun einstakra mála hjá eftirlitinu fóru yfir helstu þætti þess hvernig hið opinbera getur komið að fjármögnun háhraða fjarskiptaneta skv. EES-samningnum. Björn Geirsson yfirlögfræðingur PFS stýrði námskeiðinu.


ÚTGÁFA LEIÐBEININGA

Á seinni hluta ársins 2014 vann starfsfólk PFS að gerð leiðbeininga fyrir sveitarfélög og aðra opinbera aðila vegna uppbyggingar ljósleiðarakerfa. Var verkefnið unnið að beiðni innanríkisráðuneytisins sem óskaði eftir ofangreindum upplýsingum í þeirri viðleitni að styðja við undirbúning og framkvæmd við uppbyggingu ljósleiðarakerfa á vegum opinberra aðila, einkum sveitarfélaga. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fjármagnaði verkefnið á grundvelli markmiða byggðaáætlunar 2014-2017 um stuðning við uppbyggingu öflugsgagnanets. Gaf stofnunin út ítarlegar leiðbeiningar í nóvember. Þar er að finna upplýsingar um regluverk EES-samningsins á sviði samkeppni og ríkisaðstoðar, tæknikröfur, upplýsingar um kröfur í útboðum ásamt fyrirmynd að útboðsgögnum og að samningi við fjarskiptafyrirtæki um tengingu og rekstur ljósleiðarakerfa. Í viðaukum við leiðbeiningarnar sjálfar er að finna gátlista, upplýsingar um stöðu og þróun á íslenskum fjarskiptamarkaði, fyrirmynd að samtengisamningi, almennar upplýsingar um búnað og tæki og ýmsar fleiri hagnýtar upplýsingar sem þessu tengjast. Í framhaldi af útgáfu leiðbeininganna var ákveðið að á fyrri hluta ársins 2015 yrði haldin röð kynningarfundna víða um land í samráði við fulltrúa landshlutasamtaka

Hér á landi eins og annars staðar stendur nú yfir hröð þróun í lagningu næstu kynslóðar aðgangsneta, þ.e. ljósleiðara og VDSL tenginga þar sem ljósleiðarinn nær ekki alla leið inn í hús heldur er koparstrengur lagður frá ljósleiðarastreng í götuskáp og inn í húsin.

AÐGENGI AÐ NÆSTU KYNSLÓÐAR AÐGANGSNETUM

(Next Generation Access (NGA))



Á svæðum þar sem hvorki er merktur aðgangur að ljósleiðara né VDSL hafa íbúar ekki aðgang að næstu kynslóðar aðgangsneta

TÆKNIÞRÓUN OG EFLD UPPLÝSINGAKERFI

Á ári hverju er unnið að mörgum verkefnum innan tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar sem mörg eru reglubundin en þróast þó í takt við breytingar á tækni og aðstæðum. Þar má t.d. nefna viðbrögð við kvörtunum vegna trúflana sem hefur fjölgað mjög milli ára, tíðniúthlutunar, skoðanir á öryggisfjarskiptabúnaði í skipum, ásamt úthlutunum númera og kóða, útgáfu fjarskiptaskirteina, o.m.fl. Auk þessa var á árinu 2014 unnið að nokkrum einstökum verkefnum ýmist til styttri eða lengri tíma. Þar má t.d. nefna að í samstarfi við

Geislavarnir ríkisins voru gerðar úttektir og mælingar á geislun frá fjarskiptasendum, m.a. á útvarpsendum á Úlfarsfelli. Einnig var kallað til innanlandssamráðs um framtíðarhögun númeramála fyrir svokallaða TÍT (Tækni í Tækni) þjónustu (e. Machine to Machine [M2M]), en samskipti milli tækja/hluta, fara hratt vaxandi m.a. vegna næstu kynslóðar fjarskiptakerfa og lækkunar kostnaðar í farsíma- og farnetskerfum.

UPPBYGGING GAGNAGRUNNS UM FJARSKIPTAINNVIÐI

Haldið var áfram vinnu við uppbyggingu yfirgripsmikils gagnagrunns um fjarskiptainnviði landsins. Þegar var

hafin söfnun og birting upplýsinga um þá fjarskipta-innviði sem snúa að þráðlausum fjarskiptanetum. Í gagnagrunninum er haldið utan um ýmsar upplýsingar um fjarskiptasendistaði, m.a. staðsetningu, hæð mastra og sendistyrk. Þessar upplýsingar eru nýttar til margvíslegra hluta, t.d. við truflanaleit og fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir truflanir, við úthlutun tíðna og við gerð útbreiðslukorta. Í upphafi ársins hóf PFS að birta á vef sínum fjarskiptakort sem sýna dreifingu GSM, 3G og 4G fjarskiptamerkja.

Á árinu hófst síðan vinna við að safna upplýsingum um stofnnet og aðgangsnét. Var slíkum upplýsingum m.a. safnað saman í tengslum við vinnu vegna umbrota í og norðan Bárðarbungu en slík gögn og úrvinnsla þeirra í landupplýsingakerfi PFS reyndust lykilatriði í samræmingarvinnu almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

ÖRYGGI FJARSKIPTA

VIÐBÚNAÐUR VEGNA NÁTTÚRUHAMFARA

Eitt stærsta verkefni tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar á árinu var vinna vegna umbrota í og norðan Bárðarbungu (Holuhraun). Í því verkefni gegndi stofnunin hlutverki samræmingaraðila fjarskiptageirans við að skipuleggja fyrirbyggjandi aðgerðir við hugsanlegt gos undir jökli. Ljóst var að slíkt gos myndi hafa áður óþekktar og alvarlegar afleiðingar á ómissandi innviði landsins og því var lykilatriði að samræma áætlanir um fyrirbyggjandi aðgerðir fjarskiptageirans og samþættingu þeirra við aðra geira.

NETÖRYGGISSVEITIN CERT-ÍS

Netöryggissveitin CERT-ÍS starfar innan Póst- og fjarskiptastofnunar skv. fjarskiptalögum og reglugerð nr. 475 frá árinu 2013. Starfssvið sveitarinnar nær til fjarskiptafyrirtækja sem reka almenn fjarskiptanet og/eða veita aðgang að internetinu og internetþjónustu, en ekki til almennra notenda. Hlutverk sveitarinnar er að fyrirbyggja og draga úr hættu á netárásum og öðrum öryggisatvikum í netumdæmi hennar og sporna við og lágmarka tjón af þeim sökum á ómissandi upplýsingainnviði samfélagsins.

CERT-ÍS er einnig tengiliður íslenskra stjórnvalda í alþjóðlegu samstarfi CERT netöryggissveita um viðbrögð og varnir vegna net- og upplýsingaöryggis. Lög og reglugerð um sveitina gera ráð fyrir að rekstraraðilar upplýsingakerfa sem teljast til svokallaðra ómissandi upplýsingainnviða geti gert þjónustusamninga við sveitina. Ómissandi upplýsingainnviðir eru til

dæmis kerfi sem tryggja eiga þjóðaröryggi, almannaheill og margs konar öflun aðfanga sem nauðsynleg eru í nútíma samfélagi. Er það á hendi ríkislögreglustjóra að skilgreina hvaða upplýsingainnviðir falla undir þessa skilgreiningu.


Á fyrri hluta ársins var unnið að áætlunum um að vikka út þjónustusvæði CERT-ÍS þannig að gerðir yrðu þjónustusamningar við fleiri aðila sem teljast til ómissandi upplýsingainnviða samfélagsins. Ekki varð þó af þessu þar sem þáverandi innanríkisráðherra setti á vormánuðum fram áætlun um að flytja starfsemi sveitarinnar frá Póst- og fjarskiptastofnun til almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Til þess þarf þó að leggja málið fyrir Alþingi sem þarf að samþykkja slíka breytingu á fjarskiptalögum. Við þetta skapaðist talsverð óvissa sem hefur haft hamlandi áhrif á fyrirhugaða útvíkkun á starfsumdæmi sveitarinnar. Málið var ekki lagt fyrir Alþingi á árinu og því er staða CERT-ÍS innan PFS óbreytt. Starfsmenn sveitarinnar voru þrír frá upphafi en fækkaði í tvo á síðari hluta ársins.

Netöryggissveitin CERT-ÍS heldur úti eigin vefsíðu, www.cert.is, þar sem má kynna sér starfsemi, hlutverk og stöðu hennar.

FJÖLGUN KVARTANA VEGNA TRUFLANA Á FJARSKIPTUM

Mikilvægur þáttur í starfsemi PFS er eftirlit með notkun ljósvakans, en til stofnunarinnar berst árlega talsvert af kvörtunum vegna truflana á fjarskiptum. Mikil og hröð aukning á notkun fartækja kemur meðal annars fram í mikilli fjölgun kvartana vegna truflana á milli árána 2013 og 2014. Árið 2014 bárust stofnuninni 53 kvartanir af þessu tagi, 23 fleiri en árið áður þegar 30 kvartanir komu inn sem var svipaður fjöldi og árin á undan. Hluti af þessari fjölgun skýrist af vandamálum tengdum ólöglegum innflutningi á DECT 6.0 símum frá Bandaríkjunum. Slíkir DECT símar eru ekki CE merktir eins og áskilið er í löndum Evrópu og á EES-svæðinu og uppfylla því ekki þá tæknistaðla sem notast er við hjá farnetsrekendum hér á landi og trufla þar af leiðandi þau net.


Á sama tíma hefur gengið betur en áður að finna orsakir truflana sem tilkynnt er um til stofnunarinnar og skýrist það m.a. af betri tækjakosti til mælinga en áður.



ALÞJÓNUSTA ER
SÚ ÞJÓNUSTA SEM ALLIR
LANDSMENN EIGA RÉTT
Á AÐ Hafa aðgang að
Á Viðráðanlegu Verði.
ALÞJÓNUSTA Í PÓSTI
NÆR TIL PÓSTSENDINGA
INNANLANDS OG TIL
ANNARRA LANDA.

Fjöldi bréfasendinga innan einkaréttar (0 - 50 gr.), árin 2006 – 2015.

Heimild: Íslandspóstur
2015 er áætlun



PÓSTMÁL

Póst- og fjarskiptastofnun veitir heimildir til að starfrækja póstpjónustu skv. 12. gr. laga um póstpjónustu nr. 19/2002. Póstpjónusta nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og skila á póstsendingum gegn greiðslu. Heimildir til að starfrækja póstpjónustu eru tvenns konar, almenn heimild og rekstrarleyfi. Almenn heimild felur í sér réttindi til að starfrækja póstpjónustu, aðra en þá sem telst til alþjónustu skv. 6. gr. laga nr. 19/2002. Þrjú fyrirtæki hafa slíka heimild: Burðargjöld ehf., Póstmarkaðurinn ehf. og Prentsmiðjan Oddi ehf. Rekstrarleyfi þurfa póstrekendur sem hyggjast veita alþjónustu, þ.e. þá póstpjónustu sem allir landsmenn eiga rétt á, án tillits til búsetu og á viðráðanlegu verði. Við leyfisveitingu er PFS heimilt að leggja á kvaðir um alþjónustu alls staðar á landinu eða afmarkaða þætti alþjónustu á tilgreindu svæði. Tvö fyrirtæki hafa rekstrarleyfi á póstmarkaði; Íslandspóstur ohf. og Póstdreifing ehf.

ALÞJÓNUSTA Í PÓSTI

Alþjónusta er sú þjónusta sem allir landsmenn eiga rétt á að hafa aðgang að á viðráðanlegu verði. Alþjónusta í pósti nær til póstsendinga innanlands og til annarra landa.

Eftirfarandi þjónusta fellur undir alþjónustu í pósti:

- Aðgangur að afgangslustað rekstrarleyfishafa.
- Útburður einu sinni á dag alla virka daga nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt
- Póstpjónusta vegna:
 - bréfa og orðsendinga með utanáskrift
 - dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift
 - ábyrgðarsendinga
 - tryggðra sendinga
 - fjármunasendinga
 - blindrasendinga allt að tveimur kílóum
 - bögglasendinga allt að tuttugu kílóum

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstpjónustu vegna bréfa sem eru innan 50 gr. á þyngd. Frá árinu 1998 hefur Íslandspóstur hf. farið með þennan einkarétt fyrir hönd ríkisins. Í gildi eru tilskipanir Evrópusambandsins um að afnema skuli þennan einkarétt ríkisins, sem ekki er búið að innleiða hér á landi, en unnið hefur verið að undirbúningi þess innan PFS.

Við afnám einkaréttar þarf að taka afstöðu til þess með hvaða hætti alþjónusta, þ.e. reglubundin dreifing pósts inn á öll heimili landsins, verði fjármögnuð, sé þess þörf. Stofnunin hefur undanfarið misseri unnið að því að greina óhagræði og kostnað Íslandspósts af því að bera alþjónustuskulduna, ekki sist í ljósi þess að stöðug fækkun hefur orðið á hefðbundnum bréfasendingum. Við niðurstöðu þess máls verður fjallað um hvaða gæðakröfur er eðlilegt að gera til almennrar póstpjónustu, þ.m.t. um tíðni dreifingar og um dreifingu pósts í dreifibýli, afmarkaður sá kostnaður sem hlýst af því að bera alþjónustuskuldu í ljósi gæðakrafna og því hægt að taka afstöðu til þess hversu víðfeðm alþjónusta skuli vera til framtíðar í ljósi kostnaðar.

ÚTTEKT Á BÓKHALDS- LEGUM AÐSKILNAÐI OG KOSTNAÐARBÓKHALDI ÍSLANDSPÓSTS

Á árinu 2014 var áfram unnið að úttekt PFS á bókhaldslegum aðskilnaði Íslandspósts og kostnaðarbókhaldi félagsins. En með ákvörðun PFS nr. 18/2013 var lagt fyrir fyrirtækið að gera úmsar endurbætur er vörðuðu forsendur og framkvæmd þess, m.a.:

- Íslandspóstur skuli uppfæra lýsingu á afkomulíkani félagsins og gera hana ítarlegri.
- Íslandspóstur skuli fjölga mælingum á bak við álagsstuðla og þá sérstaklega alþjónustu og að fram komi hvort stuðlar séu byggðir á mælingum eða mati.
- Íslandspóstur skuli endurskoða mat á lausafjármunum, ávöxtunarkröfu og kostnaði vegna fjárfestinga.

Íslandspóstur uppfyllti þau fyrirmæli sem kveðið var á um í ákvörðun PFS og skilaði inn m.a. nýju kostnaðarlíkani er byggði á aðferðarfræði svokallaðrar „Long run incremental cost“. Félagið sendi lista með upplýsingum um mælingar á álagsstuðlum, endurmati á bókfærðum stofni fjárfestinga, ávöxtunarkröfu, sundurliðaðan lista yfir allar eigur félagsins, yfirlit yfir rekstrarfjármuni og skilaði inn útreikningum á kostnaði félagsins vegna alþjónustu.

Yfirferð PFS á þeim breytingum á kostnaðarbókhaldi félagsins og öðrum gögnum sem Íslandspóstur skilaði inn á árinu var ekki að fullu lokið undir lok ársins.

ÁKVARÐANIR PFS OG ÚRSKURÐIR ÚRSKURÐAR- NEFNDAR VARÐANDI PÓSTMÁL

ÁKVARÐANIR PFS

Gjaldskrá og skilmálar Íslandspósts fyrir almenn bréf 51 - 2000 gr.

Ákvörðun nr. 3/2014 - 1. apríl 2014

Með ákvörðuninni var Íslandspósti heimilað að fella niður sérstaka gjaldskrá fyrir blöð og tímarit sem lengi hafði verið hluti af þjónustuframboði Íslandspósts og þar á undan Póst- og símamálastofnun.

Um lokun póstafgreiðslu í Hrísey (póstnúmer 630) Ákvörðun nr. 10/2014 - 30. maí 2014

Íslandspósti veitt umbeðin heimild til að loka póstafgreiðslu í Hrísey.

Um lokun póstafgreiðslu í Garði (póstnúmer 250) Ákvörðun nr. 12/2014 - 3. júní 2014

Íslandspósti veitt umbeðin heimild til að loka póstafgreiðslu í Garði.

Hækkun á gjaldskrá Íslandspósts ohf., á bréfum innan einkaréttar

Ákvörðun nr. 16/2014 - 17. júlí 2014

Íslandspóstur óskaði eftir heimild til hækkunar á bréfum innan einkaréttar á bilinu 19-26% eftir þjónustuflokkum. PFS taldi ekki forsendur til svo mikilla hækkana og heimilaði hækkun á gjaldskrá fyrir bréf innan einkaréttar sem næmi um 11,5%.

Staðsetning bréfabakka í dreifbýli

Ákvörðun nr. 27/2014 - 14. nóvember 2014

Kvartað var yfir að Íslandspóstur bæri ekki pósthéim að bænum Giljum í Skagafirði. Niðurstaða PFS var að Íslandspósti sé ekki skylt að keyra pósthéim að bænum og staðsetning bréfabakka fyrir bæinn sé í samræmi við meginreglur sem fram koma í reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu.

Lokun póstafgreiðslu í Sandgerði (póstnúmer 245)

Ákvörðun nr. 31/2014 - 27. nóvember 2014

Beiðni Íslandspósts um heimild til að loka póstafgreiðslu í Sandgerði samþykkt.

ÚRSKURÐIR ÚRSKURÐARNEFNDAR FJARSKIPTA- OG PÓSTMÁLA

Úrskurðarnefndin kvað upp fjóra úrskurði um póstmál á árinu 2014. Allir úrskurðirnir vörðuðu sömu ákvörðun PFS, þ.e. ákvörðun nr. 3/2014 um gjaldskrá og skilmála Íslandspósts fyrir almenn bréf 51 - 2000 gr. Bæði Íslandspóstur og Árvakur kærðu ákvörðun PFS.

Kæra Íslandspósts á ákvörðun PFS nr. 3/2014 - 30. nóvember 2014

Mál nr. 1/2014 – lokaúrskurður

Ákvæði 4. mgr. ákvörðunarorða ákvörðunar PFS nr. 3/2014 um að ÍSP skuli setja inn í skilmála félagsins ákvæði um að leyfilegt sé að þyngdarmunur sé á einleitum sendingum innan hvers þyngdarflokks, eftir atvikum með aðkomu sendanda, eru felld úr gildi.

Kæra Árvakurs á ákvörðun PFS nr. 3/2014 - 30. nóvember 2014

Mál nr. 2/2014 – lokaúrskurður

1., 2., 3., 4. og 5. mgr. ákvörðunarorða PFS voru staðfestar, þ.e.:

- Íslandspósti ohf. er heimilt að leggja niður hina sérstöku gjaldskrá fyrir blöð og tímarit og sameina hana þyngdarflokknum „Almenn bréf 51 - 2000 gr.“
- Gjaldskrá Íslandspósts fyrir póstsendingar utan einkaréttar þarf ekki samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002.
- Íslandspóstur hefur gert grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár félagsins fyrir sendingar í vöruflokkunum 51 - 2000 gr., sbr. 4. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu.
- Með vísun til 1. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu er lagt fyrir Íslandspóst að setja inn í skilmála félagsins ákvæði um að leyfilegt sé að þyngdarmunur sé á einleitum sendingum innan hvers þyngdarflokks, eftir atvikum með aðkomu sendanda.
- Skilmálar Íslandspósts, að öðru leyti, sem tilkynntir voru með bréfi, dags. 17. febrúar 2014 uppfylla að mati Póst- og fjarskiptastofnunar, skilyrði 5. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002.

Tveir úrskurðir vegna kröfu Árvakurs um frestun réttaráhrifa ákvörðunar PFS nr. 3/2014

Mál úrskurðarnefndar nr. 2/2014

Í báðum þessum úrskurðum, dags. 9. júní 2014 og 6. október 2014 var kröfu Árvakurs um frestun réttaráhrifa ákvörðunar PFS nr. 3/2014 hafnað.

NEYTENDAMÁL

Eitt helsta hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að gæta hagsmuna neytenda á fjarskipta- og póstmörkuðum og stuðla að vernd þeirra í viðskiptum þeirra við fjarskipta fyrirtæki og póstrekendur.

Stofnunin birtir upplýsingar fyrir neytendur, kemur að ráðstöfunum til að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs og vinnur að því að tryggja viðhald og öryggi í almennum fjarskiptanetum.

Neytendur standa frammi fyrir margvíslegum og flóknum valkostum, ekki síst á fjarskiptamarkaði, bæði hvað varðar val og fyrirkomulag á tækjum og tengingum og ekki síður val á þjónustuaðilum. PFS leggur mikla áherslu á upplýsingagjöf til neytenda og þjónustu við þá þegar eitthvað ber útaf. Helsta verkfæri stofnunarinnar til upplýsingagjafar er vefur hennar, www.pfs.is þar sem sérstakt vefsvæði er helgað neytendum. Einnig geta neytendur sent stofnuninni erindi og kvartanir ef þeir telja á sér brotið hvað varðar lög og reglur um fjarskipti eða póst. Slíkar kvartanir skipta hundruðum á ári hverju þó aðeins hluti þeirra endi í formlegu kvörtunarferli.

BRUGÐIST VIÐ FJÖLGUN KVARTANA VEGNA ÓUMBEDIÐNA FJARSKIPTA

Með örur tækniframförum verður sífellt auðveldara að beina auglýsingum, kynningum og hvers konar markaðssetningu beint til einstaklinga, m.a. í gegnum síma, tölvupóst og SMS sendingar. Margir vilja vera lausir við slíkt áreiti og í fjarskiptalögum eru ákvæði sem eiga að vernda neytendur gegn óumbeðnum fjarskiptum. Mikil fjölgun hefur orðið á kvörtunum til PFS vegna óumbeðinna fjarskipta á síðustu árum. Þannig varð 59% aukning á slíkum mála fjölda milli árána 2011 og 2014, 155% aukning milli árána 2012 og 2014 og 38% aukning milli árána 2013 og 2014.

Nærri fjórðungur allra formlegra ákvarðana sem PFS birti á árinu 2014 vörðuðu mál af þessu tagi, eða 10 af 42 ákvörðunum, fyrir utan mál sem lokið var með öðrum hætti.

Stofnunin ákvað að bregðast við þessari þróun og efla vernd neytenda með því að búa til upplýsingar og leiðbeiningar fyrir þá sem hyggjast notast við beina markaðssetningu með fjarskiptatækni um þau lög og reglur sem um slíkt gilda. Í lok ársins var unnið að leiðbeiningabæklingi um mikilvæg atriði varðandi t.d. það hvað telst til óumbeðinna fjarskipta, hvað felst í beinni

markaðssetningu og hvað bannmerking í símaskrá þýðir. Kom bæklingurinn út í janúar 2015.

Um leið ákvað stofnunin að breyta verklagi sínu með þeim hætti að í þeim tilvikum sem henni berst kvörtun gegn aðila, sem ekki hefur áður borist kvörtun gegn, þá mun stofnunin senda viðkomandi aðila þessar leiðbeiningar til upplýsingar. Með því er stuðlað að því að viðkomandi aðili gerist ekki brotlegur gegn fyrrnefndu ákvæði í framtíðinni. Telur stofnunin að fyrirkomulag þetta geti verið til þess fallið að draga úr fjölda kvartana, fjölda formlegra mála og ákvarðana og ekki síst ónáði í garð þeirra neytenda sem ekki óska eftir óumbeðnum fjarskiptum.

LÖG UM FJARSKIPTI NR. 81/2003 46. GR. ÓUMBEDIÐNA FJARSKIPTI.

Notkun sjálfvirkra uppkallskerfa, símbréfa eða tölvupósts, [þ.m.t. hvers konar rafrænna skilaboða (SMS og MMS)], fyrir beina markaðssetningu er einungis heimil þegar áskrifandi hefur veitt samþykki sitt fyrir fram.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota tölvupóstfang við sölu á vörum eða þjónustu fyrir beina markaðssetningu á eigin vörum eða þjónustu ef viðskiptavinum er gefinn kostur á að andmæla slíkri notkun tölvupóstfanga þeim að kostnaðarlausu þegar skráning á sér stað og sömuleiðis í hvert sinn sem skilaboð eru send hafi viðskiptavinurinn ekki þegar í upphafi hafnað slíkri notkun.

Að öðru leyti en mælt er fyrir í 1. og 2. mgr. eru óumbeðin fjarskipti í formi beinnar markaðssetningar óheimil til þeirra áskrifenda sem óska ekki eftir að taka á móti þeim.


Óheimilt er að senda tölvupóst sem þátt í beinni markaðssetningu þar sem nafn og heimilisfang þess sem stendur að markaðssetningu kemur ekki skýrt fram.

Þeir sem nota almenna tal- og farsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu skulu virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar símhringingar í símanúmer sitt. Áskrifandi á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu til grundvallar.

VERÐLAGSEFTIRLIT Í ÞÁGU NEYTENDA


Þann 1. júlí 2014 tóku gildi ný hámarksverð til neytenda fyrir reiki innan Evrópu. Verðþökin eru samkvæmt reglugerð ESB sem var innleidd í EES-samninginn sem Ísland er aðili að. Því gildir reglugerðin einnig fyrir íslenska neytendur. Hámarksverð á reikþjónustu hafa verið lækkuð í þrepum allt frá árinu 2007 þegar fyrsta reglugerðin tók gildi. Til að byrja með voru eingöngu sett verðþök á símtöl en æ fleiri þættir reikþjónustu hafa bæst við, nú síðast gagnamagnsnotkun sem bættist við með reglugerð sem tók gildi í júlí 2012. Síðan þá hafa verðþökin verið lækkuð jafnt og þétt þar til í sumar þegar eftirfarandi verð tóku gildi. Þau verða óbreytt í evrum þar til gildistíma reglugerðarinnar lýkur, eða til og með 30. júní 2017.

HÁMARKSVERÐ Í ÍSLENSKUM KRÓNUM Á REIKI INNAN EES-SVÆÐISINS FRÁ 1. JÚLÍ 2014



Í september gerði Póst- og fjarskiptastofnun athugun á því hvort íslensk fjarskiptafyrirtæki hefðu lagað verðskrá sína að gildandi hámarksverðum. Athugunin leiddi í ljós að allir íslenskir farsímarekendur höfðu sett verðskrár sínar fyrir reiki við eða undir gildandi verðþök.

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN ÁRIÐ 2014



Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar er Hrafnkell V. Gíslason.

Framkvæmdastjórn er skipuð forstjóra og forstöðumönnum deilda.

Starfsmenn PFS á árinu 2014 voru alls tuttugu og fjórir.

Greiningardeild ber ábyrgð á markaðsgreiningu og álagningu og eftirfylgni fjárhagslegra kvaða í framhaldi af því. Deildin sinnir almennri hagfræðilegri greiningu á verksviði PFS, safnar upplýsingum um verðlagningu og tölfærði og er ábyrg fyrir úrvinnslu og birtingu gagna. Greiningardeild hefur einnig umsjón með rekstri vefsins Reiknivél PFS um fjarskiptakostnað fyrir neytendur. Starfsmenn á árinu 2014 voru Óskar Þórðarson forstöðumaður og sérfræðingarnir Guðmann Bragi Birgisson, Hulda Ástþórsdóttir og Snorri Þór Daðason.

Lögfræðideild ber ábyrgð á vinnslu stjórnsýsluerinda, lausn deilumála, álagningu og eftirfylgni kvaða sem ekki eru fjárhagslegar, alþjónustu og neytendamálum. Jafnframt sér deildin um formleg alþjóðleg samskipti. Starfsmenn á árinu 2014 voru Björn Geirsson forstöðumaður sem einnig gegnir hlutverki staðgengils forstjóra þegar við á, lögfræðingarnir Friðrik Pétursson, Guðmunda Á. Geirsdóttir, Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir og Óskar Hafliði Ragnarsson, sem einnig er hópstjóri faglegs teymis um markaðsgreiningar. Einnig vann Halla María Sveinbjörnsdóttir lögfræðingur að tímabundnu verkefni innan deildarinnar.

Tæknideild sér um skipulag og stjórnun tíðnimála og sinnir eftirliti með notkun ljósvakans. Hún hefur markaðseftirlit með fjarskiptatækjum, sinnir net- og upplýsingaöryggi og sér um skoðun radióbúnaðar um borð í skipum. Tæknideild er einnig öðrum deildum til ráðgjafar varðandi tæknileg álitamál sem geta haft áhrif á eftirlitshlutverk stofnunarinnar. Starfsmenn á árinu 2014 voru Þorleifur Jónasson forstöðumaður, Bjarni Sigurðsson sérfræðingur á sviði númeramála, tíðnimála og uppbyggingar og virkni fjarskiptaneta, Hörður R. Harðarson sérfræðingur um tíðnimál, Jósef Kristjánsson kerfisstjóri og skipaskoðunarmaður og Óskar Sæmundsson skipaskoðunarmaður. Starfsmenn netöryggissveitarinnar CERT-ÍS sem heyrir undir tæknideild voru Stefán Snorri Stefánsson, hópstjóri CERT-ÍS og sérfræðingarnir Kjartan T. Hjörvar og Sindri Bjarnason.

Rekstrardeild sér um rekstrarmál, upplýsingakerfi, mannauðsmál, gæða- og skjalamál og kynningarmál og styður allt innra starf stofnunarinnar. Starfsmenn á árinu 2014 voru Sigríður Björk Gunnarsdóttir sem hóf störf sem forstöðumaður í byrjun árs, Anna Margrét Sigurðardóttir kynningarfulltrúi, Erla Linda Benediksdóttir móttökuritari, Ingibjörg Sivertsen bókarari og Sigrún Davíds skjalastjóri.

Tvö fagteymi voru starfandi innan PFS á árinu; teymi um markaðsgreiningar og netöryggissveitin CERT-ÍS.

NÝR VEFUR PFS OG NÝJUNGAR Í SKJALAVÖRSLU

Tvær breytingar urðu í innra starfi PFS sem höfðu mikil áhrif annars vegar á geymslu upplýsinga og hins vegar birtingu þeirra.

Í upphafi ársins var vefur stofnunarinnar uppfærður og endurnýjaður. Þessi vinna fól m.a. í sér nákvæma endurskoðun og yfirferð á efni vefsins og innihaldi. Meðal nýjunga sem blöstu við notendum þegar nýr vefur var opnaður voru m.a. gagnvirk fjarskiptakort sem sýna útbreiðslu GSM, 3G og 4G þjónustu. Var þetta fyrsta skrefið í aukinni myndrænni birtingu stofnunarinnar á ýmsum upplýsingum af þessu tagi.

Eins og aðrir opinberir aðilar hefur Póst- og fjarskipta- stofnun þá skyldu að geyma öll gögn um starfsemi sína og afhenda til Þjóðskjalasafns Íslands. Í byrjun árs 2014 fékk stofnunin leyfi Þjóðskjalasafns fyrir skilum á rafrænum gögnum úr mála- og skjalavörslukerfi sínu. Gögnunum verður skilað til safnsins á fimm ára fresti.

Þetta breytta fyrirkomulag hefur í för með sér talsvert hagræði, bæði hvað varðar húsnæðisþörf og vinnu starfsmanna því ekki þarf lengur að prenta út öll gögn á pappír, raða í möppur og koma fyrir í þar til gerðum geymslum. Eins og segir á vef Þjóðskjalasafns Íslands er tilgangurinn með þessu að tryggja örugga vörslu rafrænna gagna til framtíðar og að um gögnin séu til samræmdar upplýsingar til að auðvelda komandi kynslóðum að nota gögn frá okkar dögum. Rafræn gögn verða varðveitt á kerfisóháðum sniðum til þess að tryggja að hægt verði að lesa gögnin um alla framtíð.

STARFSEMI PFS Í TÖLUM ÁRIÐ 2014

TÍÐNUM ÚTHLUTAÐ

Hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar	175
Fastasambönd (fj. linka)	120
Farstöðvarkerfi á VHF og UHF	50
MF og HF	2
Skammtímahljóðvarp	65
Önnur tímabundin leyfi f. innl. aðila	50
Tímab. leyfi fyrir útlendinga	65

NÚMERUM ÚTHLUTAÐ

Fjöldi úthlutaðra númera	2.733.440
------------------------------------	-----------

KVARTANIR VEGNA TRUFLANA

Kvartanir vegna truflana	53
------------------------------------	----

ÚTGÁFA LEYFISBRÉFA FYRIR RADÍÓTÆKI

Flugvélar	63
Skip	480
Landfarstöðvar á metrabylgju VHF	168
Landfarstöðvar á desimetrabylgju UHF	13
Landfarstöðvar á millibylgju MF	0
Handstöðvar á metrabylgju VHF	357
Handstöðvar á desimetrabylgju	103
Landmóðurstöðvar á metrabylgju	2
Landmóðurstöðvar á desimetrabylgju	1
Landmóðurstöð neyðarboðtæki (PLB)	9

ÚTGÁFA SKÍRTEINA FYRIR NOTENDUR

Fjarskiptaskírteini, flug	0
Fjarskiptaskírteini, skip (GOG)	89
Fjarskiptaskírteini, skip (ROC)	19
Amatörar, innlendir	10
Amatörar, erlendir	2
Amatörar, ýmislegt	15

ÚTHLUTUN EINKENNISNÚMERA

Númer fyrir skip	200
----------------------------	-----

SKOÐANIR Á BÁTUM OG SKIPUM – SKIPTING EFTIR LANDSSVÆÐUM

Reykjavík	44
Norðvesturkjördæmi	33
Norðausturkjördæmi	36
Suðurkjördæmi	51
Suðvesturkjördæmi	18
Skip skráð erlendis	23
Skip skoðuð erlendis	2

RADÍÓBÚNAÐARSKOÐUN Í SKIPUM OG OPNUM VÉLBÁTUM

Bátar styttri en 24 m skoðaðir af skoðunarstofum og Samgöngustofu	1.278
Bátar lengri en 24 m og skip	207
Skemmtibátar skoðaðir af eigendum	81

SKRÁÐAR LANDSTÖÐVAR

Fastastöðvar

Metrabylgjustöðvar (VHF)	377
Desimetrabylgjustöðvar (UHF)	53
Millibylgjustöðvar (MF-SSB)	23
Boðtæki	22

Farstöðvar í bifreiðum

Millibylgjustöðvar (MF-SSB)	440
Metrabylgjustöðvar (VHF)	6.285
Desimetrabylgjustöðvar (UHF)	114

Handstöðvar og merkjasendar

Metrabylgjustöðvar (VHF)	5.919
Desimetrabylgjustöðvar (UHF)	1.295
Merkjasendar (vitar)	44
Ýmis búnaður	152

STÖÐVAR Í SKIPUM

Millibylgjustöðvar (MF-SSB)	18
Milli- og stuttbylgjustöðvar (Combined MF/HF)	205
Metrabylgjustöðvar (VHF)	3.068
Neyðartalstöðvar	579
Radarsvarar (UHF)	229
Navtex (LF)	225
Neyðarbaujur, frífljóttandi (406 MHz)	333
Neyðarbaujur í björgunarbátum og inni (406 MHz)	2.455
Inmarsat B	2
Inmarsat C	225
Inmarsat M	11
AIS (Sjálfvirkt auðkenniskerfi)	1.755

ÁKVARÐANIR OG ÚRSKURÐIR

Árið 2014 birti Póst- og fjarskiptastofnun 42 formlegar stjórnýsluákvæðanir. Þrjátíu og sex þeirra fjölluðu um fjarskipti og sex um póstmál. Af ákvörðunum varðandi póst voru þrjár um heimildir til Íslandspósts til að loka póstafréttisum, ein um staðsetningu bréfa í dreifbýli og tvær um gjaldskrá Íslandspósts. Báðar ákvæðanir PFS varðandi gjaldskrá Íslandspósts voru kærðar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

Alls voru sex ákvæðanir PFS kærðar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Nefndin kvæð upp alls sjö úrskurði vegna þriggja ákvæðana PFS, þar af fjóra vegna ákvörðunar PFS nr. 3/2014 um gjaldskrá og skilmála Íslandspósts fyrir almenn bréf 51 - 2000 gr. Í lok ársins 2014 lágu fyrir úrskurðarnefnd kærur vegna þriggja ákvæðana PFS, nr. 16, nr. 32, nr. 34 og nr. 40.

ÁKVARÐANIR PFS

Afmörkun gildissviðs fjarskiptalaga vegna vefsvæðis Fjarskipta hf., Vodafone.is

Ákvörðun nr. 1/2014 - 24. mars 2014

Þann 30. nóvember 2013 var brotist inn á „Mína síður“ í vefkerfi Vodafone sem leiddi til þess að persónuupplýsingar um þúsundir viðskiptavina félagsins komust í hendur óviðkomandi aðila og voru síðar birtar á internetinu.

Til samræmis við eftirlitshlutverk sitt hóf PFS athugun á umræddu öryggisatviki. Í svari Vodafone kom fram að félagið teldi að gildissvið fjarskiptalaga, og þar með valdsvið PFS, næði ekki yfir viðkomandi vefkerfi félagsins og þar með umrætt öryggisatvik. Nauðsynlegt var því að skera úr um þetta atriði. Í ákvörðuninni kemst PFS að þeirri niðurstöðu að sú þjónusta sem veitt var á „Mínum síðum“ Vodafone teldist vera almenn fjarskiptaþjónusta í skilningi fjarskiptalaga og það fjarskiptanet sem notað var fyrir veitingu þjónustunnar teldist vera almennt fjarskiptanet.

Beiðni Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. um samþykki PFS fyrir hlutafjárukningu í félaginu

Ákvörðun nr. 2/2014 - 28. mars 2014

PFS samþykkir beiðni GR varðandi 3,5 milljarða kr. hlutafjárukningu í félaginu sem Orkuveita Reykjavíkur (OR) yrði greiddandi að, en OR á fyrir allt hlutafé í GR.

Gjaldskrá og skilmálar Íslandspósts fyrir almenn bréf 51 - 2000 gr.

Ákvörðun nr. 3/2014 - 1. apríl 2014

Með ákvörðuninni var Íslandspósti heimilað að fella niður sérstaka gjaldskrá fyrir blöð og tímarit sem lengi hafði verið hluti af þjónustuframboði Íslandspósts og þar á undan Póst- og símamálastofnunar.

Kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Heimkaupa ehf.

Ákvörðun nr. 4/2014 - 9. apríl 2014

Heimkaup ehf. braut gegn ákvæðum fjarskiptalaga þegar það sendi tölvupóst fyrir beina markaðssetningu á netfang kvartanda.

Kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Eddu útgáfu hf.

Ákvörðun nr. 5/2014 - 7. apríl 2014

Edda útgáfa hf. braut gegn fjarskiptalögum með því að hringja í bannmerkt símanúmer kvartanda.

Kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Lifandi Vísinda

Ákvörðun nr. 6/2014 - 7. apríl 2014

Elísa Guðrún ehf. útgáfufyrirtæki Lifandi Vísinda, braut gegn ákvæðum fjarskiptalaga með því að hringja í bannmerkt símanúmer kvartanda. Vegna ítrekaðra fyrri brota fyrirtækisins af sama tagi er því gert skylt að gera stofnuninni grein fyrir vinnulagi sínu varðandi notkun fjarskipta vegna beinnar markaðssetningar og leggja fram viðeigandi ferla þar að lútandi innan mánaðar frá birtingu ákvörðunarinnar.

Niðurfelling útnefningar Símans sem fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum (áður markaður 7)

Ákvörðun nr. 7/2014 - 23. apríl 2014

Með nýrri markaðsgreiningu sinni komst PFS að þeirri niðurstöðu að Síminn væri ekki lengur með umtalsverðan markaðsstyrk á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum eins og fyrirtækið hafði verið með skv. fyrri greiningu árið 2007. Niðurstaða PFS er að veigamestu aðgangshindranirnar sem áður voru ríkjandi á umræddum markaði séu ekki lengur til staðar í þeim mæli að geta talist miklar og viðvarandi og því eru þær kvæðir sem þá voru lagðar á Símann felldar niður.

Útnefning fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagning kvaða á heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 6)

Ákvörðun nr. 8/2014 - 6. maí 2014

Að lokinni markaðsgreiningu er það niðurstaða PFS að Mila sé áfram með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði eins og fyrirtækið var með samkvæmt fyrri greiningu árið 2007. Þá var Síminn einnig í umræddri stöðu en síðan hefur öll leigulínustarfsemi Símans á heildsölustigi verið færð yfir til Milu. Því er Síminn ekki útnefndur í markaðsráðandi stöðu á viðkomandi markaði með þessari nýju ákvörðun. Þær kvaðir sem lagðar voru á Milu með ákvörðuninni frá 2007 halda gildi sínu með tilteknum viðbótum.

Umsókn Neyðarlínunnar ohf. um framlag úr jöfnunarsjóði fyrir árið 2014

Ákvörðun nr. 9/2014 - 7. maí 2014

Umsókn Neyðarlínunnar ohf. um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir árið 2014 að upphæð kr. 55.959.000 var samþykkt.

Um lokun póstafréiðslu í Hrísey (póstnúmer 630)

Ákvörðun nr. 10/2014 - 30. maí 2014

Íslandspósti var veitt umbeðin heimild til að loka póstafréiðslu í Hrísey.

Varðandi kostnaðargreiningu Milu ehf. á verðskrá fyrir aðstöðuleigu (hýsingu)

Ákvörðun nr. 11/2014 - 3. júní 2014

Með ákvörðuninni samþykkir PFS kostnaðargreiningu Milu á verðskrá fyrir aðstöðuleigu (hýsingu), með tilteknum breytingum sem mælt er fyrir um í ákvörðuninni.

Um lokun póstafréiðslu í Garði (póstnúmer 250)

Ákvörðun nr. 12/2014 - 3. júní 2014

Íslandspósti var veitt umbeðin heimild til að loka póstafréiðslu í Garði.

VDSL+ fyrirtækjatengingar og lén og tengiskil vegna samtenginga á aðgangsléið 3

Ákvörðun nr. 13/2014 - 30. júní 2014

Milu var veitt heimild til að hefja veitingu nýrra tegunda bitastraumspjónustu áður en endanleg ákvörðun PFS um skilmála og verð fyrir þjónustuna liggur fyrir. Þangað til gildi bráðabirgðaverð og uppgjör fari fram þegar endanleg verð liggja fyrir.

Heimild Vodafone og Nova til samnýtingar tíðniheimilda Ákvörðun nr. 14/2014 - 2. júlí 2014

Með ákvörðuninni er Fjarskiptum hf. (Vodafone) og Nova ehf. veitt heimild til samnýtingar á tíðniheimildum félaganna fyrir veitingu 2G/GSM, 3G/UMTS og 4G/LTE þjónustu. Félögin hyggja á stofnun félags, í jafnri eigu félaganna, sem mun hafa með höndum eignarhald, uppbyggingu og þróun dreifikerfis fyrir alla almenna farsímaþjónustu félaganna. Er ætlunin með samstarfinu þriðþætt:

- i) vinna sameiginlega að innleiðingu heildstæðs dreifi kerfis á landsvísu
- ii) að nýta tækniframfarir til að ná fram umtalsverðri hagræðingu í fjárfestingar- og rekstrarliðum
- iii) að byggja upp eitt heilsteypt landsdekkandi dreifikerfi fyrir 2G/GSM, 3G/UMTS og 4G/LTE farsíma- og netþjónustu

Samnýting tíðniheimilda er ein meginforsenda fyrir því að umrætt samstarf geti orðið að veruleika og óskuðu félögin því eftir þessari heimild Póst- og fjarskiptastofnunar.

Ákvörðunin var tekin í framhaldi af samráði við hagsmunaaðila, en niðurstöður þess leiddu ekki til þess að forsendur stofnunarinnar fyrir veitingu heimildar breyttust frá því sem boðað var í samráðsskjalinu sem lagt var fram.

Að mati stofnunarinnar telst fyrirhuguð samnýting tíðniheimilda ekki fela í sér framsal á þeim réttindum sem tíðniheimildirnar veita félögunum, en bann er lagt við slíku framsali í fjarskiptalögum. Þá leiða ákvæði tíðniheimildanna sjálfra ekki til þess að samnýting þeirra sé óheimil.

Telur stofnunin að almennt séð, og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, verði fyrirhugað samstarf Vodafone og Nova jákvætt fyrir íslenskan fjarskiptamarkað m.t.t. skilvirkni í uppbyggingu og rekstri fjarskiptaneta og þjónustu við neytendur.

Í ákvörðuninni er tekið fram að fyrirhugað samstarf félaganna sé jafnframt háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og hafa félögin óskað eftir undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga.

Heimild Milu til veitingar nýrrar tegundar stofnleigulínupjónustu

Ákvörðun nr. 15/2014 - 4. júlí 2014

Milu var veitt heimild til að hefja veitingu nýrrar tegundar stofnleigulínupjónustu áður en endanleg ákvörðun PFS um skilmála og verð fyrir þjónustuna liggur fyrir. Um er að ræða Ethernet stofnleigulínupjónustu sem byggir á MPLS-TP tækni. Þar til endanleg ákvörðun PFS um skilmála og verð fyrir þjónustuna liggur fyrir gildi bráðabirgðaverð. Uppgjör fari fram þegar endanleg verð liggja fyrir.

Hækkun á gjaldskrá Íslandspósts ohf., á bréfum innan einkaréttar

Ákvörðun nr. 16/2014 - 17. júlí 2014

Íslandspóstur óskaði eftir heimild til hækkunar á bréfum innan einkaréttar á bilinu 19-26% eftir þjónustuflokkum. PFS taldi ekki forsendur til svo mikilla hækkana og heimilaði hækkun á gjaldskrá fyrir bréf innan einkaréttar sem næmi um 11,5%.

Kostnaðargreiningu fyrir bitastraumsaðgang skv. aðgangssleið 1 og 3

Ákvörðun nr. 17/2014 - 23. júlí 2014

Kostnaðargreining Milu ehf. á verðskrá fyrir bitastraumsaðgang samkvæmt aðgangssleiðum 1 og 3 var samþykkt með tilteknum breytingum.

Óumbeðin fjarskipti BSV netverslunar

Ákvörðun nr. 18/2014 - 29. júlí 2014

BSV netverslun braut gegn ákvæðum fjarskiptalaga þegar hún sendi tölvupóst fyrir beina markaðssetningu á netfang kvartanda.

Ný þjónusta Milu á heildsöluskiptum

Ákvörðun nr. 19/2014 - 29. júlí 2014

PFS heimilar Milu veitingu tiltekinnar viðbótarþjónustu á heildsöluskiptum frá og með dagsetningu ákvörðunarinnar með tilteknum skilyrðum. Þá leggur PFS til nokkrar breytingar á skilmálum þjónustunnar.

Kvörtunarmál vegna óumbeðinna fjarskipta DV ehf.

Ákvörðun nr. 20/2014 - 11. ágúst 2014

DV ehf. braut gegn ákvæðum fjarskiptalaga með því að hringja í símanúmer kvartanda sem er bannmerkt í símaskrá.

Útnefning fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagning kvaða á heildsölumarkaði fyrir aðgang að heimitaugum (M4) og bitastraumi (M5)

Ákvörðun nr. 21/2014 - 13. ágúst 2014

PFS viðheldur útnefningu Milu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heimitaugamarkaði (markaður 4) og markaði fyrir breiðbandsaðgang í heildsölu (markaður 5) og leggur viðeigandi kvaðir á félagið.

Ólögð mætt framsal og óheimil notkun á númerum IceCell ehf.

Ákvörðun nr. 22/2014 - 15. september 2014

Póst- og fjarskiptastofnun afturkallar öll númeraréttindi IceCell ehf. Ástæðan er að farsímanúmeraðirnar 652 XXXX og 642 XXXX, sem árið 2007 var úthlutað til IceCell ehf., kt. 420407-0330, voru með tilkynningu til valdra aðila innan GSMA (fr. Groupe Speciale Mobile Association) færðar yfir á nafn og kennitölu iCell ehf., kt. 540710-1200. Átti þetta jafnframt við um talsímanúmeraröðina 536 XXXX sem auk þess var tilkynnt fyrir farsímaþjónustu. Þá lá fyrir að IceCell ehf. hafði ekki greitt lögboðin afnotagjöld af framangreindum númerum síðastliðin ár.

Óumbeðin fjarskipti Uppboðshúss

Ákvörðun nr. 23/2014 - 2. október 2014

Uppboðshús braut gegn ákvæðum fjarskiptalaga þegar það sendi tölvupóst fyrir beina markaðssetningu á netfang kvartanda.

Heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (Markaður 7)

Ákvörðun nr. 24/2014 - 31. október 2014

Mælt var fyrir um að niðurstaða verðsamanburðar sem PFS hafði framkvæmt yrði grundvöllur hámarks-lúkningarverða Símans, Vodafone, Nova, IMC og Tals á árinu 2015.

Kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Mystery Ísland ehf. (Workbuzzer.is)

Ákvörðun nr. 25/2014 - 11. nóvember 2014

Mystery Ísland ehf. braut gegn ákvæðum fjarskiptalaga þegar það sendi tölvupóst fyrir beina markaðssetningu á netfang kvartanda.

Kvörtun vegna aðgangs að aðstöðu á þaki Landspítalans í Fossvogi

Ákvörðun nr. 26/2014 - 13. nóvember 2014

Málið varðar ágreining milli Hans Konrads Kristjánssonar og 247 miðla ehf. um aðgang þess síðarnefnda að aðstöðu Hans Konrads á þaki Landspítalans í Fossvogi. PFS hafnar kröfu Hans Konrads Kristjánssonar um

afturköllun tíðniheimilda 247 miðla ehf. fyrir nýtingu á tíðnunum FM 104,5 MHz, FM 91,9 MHz og FM 101,5 MHz fyrir hljóðvarpssenda staðsettum á þaki Landspítalans í Fossvogi (Borgarspítala).

Hins vegar er Hans Konrad Krisjánssyni ekki skylt að veita samhýsingu eða annars konar samnýtingu á aðstöðu sinni á þaki Landspítalans í Fossvogi (Borgarspítala) vegna starfsemi 247 miðla ehf.

Staðsetning bréfabakka í dreifbýli

Ákvörðun nr. 27/2014 - 14. nóvember 2014

Kvartað var yfir að Íslandspóstur bæri ekki póst heim að bænum Giljum í Skagafirði. Niðurstaða PFS var að Íslandspósti sé ekki skylt að keyra póst heim að bænum og staðsetning bréfabakka fyrir bæinn sé í samræmi við meginreglur sem fram koma í reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu.

Óumbeðin fjarskipti af hálfu Allt fasteigna

Ákvörðun nr. 28/2014 - 17. nóvember 2014

Allt fasteignir braut gegn ákvæðum laga um fjarskipti þegar starfsmaður fyrirtækisins sendi tölvupóst fyrir beina markaðssetningu á netfang kvartanda.

Vigrun á Ljósveitutengingum Mílu

Ákvörðun nr. 29/2014 - 19. nóvember 2014

Mílu heimilað að innleiða vigrunartækni á Ljósveitutengingum félagsins.

Kvörtunarmál vegna óumbeðinna fjarskipta af hálfu

Lifandi Vísinda

Ákvörðun nr. 30/2014 - 24. nóvember 2014

Útgáfufélagið Lifandi Vísindi braut gegn ákvæðum fjarskiptalaga með því að hringja í símanúmer kvartanda sem var bannmerkt í símaskrá.

Lokun póstafréiðslu í Sandgerði (póstnúmer 245)

Ákvörðun nr. 31/2014 - 27. nóvember 2014

Beiðni Íslandspósts um heimild til að loka póstafréiðslu í Sandgerði var samþykkt.

Frágangur innanhússlagna

Ákvörðun nr. 32/2014 - 1. desember 2014

Um var að ræða deilumál milli Mílu og Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) vegna frágangs á tengingu ljósleiðara við innanhússlagnir. Niðurstaða PFS var að frágangur á tengingum GR á ljósleiðaraendum við innanhússlagnir heyri undir reglur PFS og að GR skuli nota þar til gerða tengilista en megi ekki sjóða ljósleiðaraenda beint á innanhússlögn.

Gjaldfærsla Hringdu ehf. fyrir reikiþjónustu utan EES-svæðisins

Ákvörðun nr. 33/2014 - 1. desember 2014

Fjarskiptafyrirtækið Hringdu ehf. óskaði eftir umsögn PFS vegna kvörtunar varðandi gagnanotkun í Tyrklandi. Hafði viðskiptavinur fyrirtækisins notað mikið gagnamagn á stuttum tíma í landinu. Fyrirtækið hafði sent notandanum skilaboð með upplýsingum um verð við komuna til Tyrklands, en fyrirtækið var ekki með samninga sem gerðu því kleift að fylgjast með notkuninni í rauntíma og senda viðvörðun. Þar sem viðkomandi fékk ekki viðvörðun um að verðþök væru ekki í gildi í landinu komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Hringdu hafi brotið gegn ákvæði um tilkynningaskyldu í reglugerð ESB um reiki.

Aðgangsbæðið Snerpu að götuskápum Mílu

Ákvörðun nr. 34/2014 - 11. desember 2014

Með ákvörðuninni er leyst úr ágreiningi Snerpu ehf. og Mílu ehf. vegna VDSL-væðingar félaganna í Holtahverfi á Ísafirði. Í ákvörðun sinni kemst PFS að þeirri niðurstöðu að Míla hafi brotið gegn þeirri jafnræðiskvöð sem hvílir á félaginu með því að veita Snerpu ekki nauðsynlegar upplýsingar eða leiðbeiningar í tengslum við VDSL-væðingu beggja fyrirtækjanna í Holtahverfi á Ísafirði. Einnig telur stofnunin að Míla hafi ekki haft eðlilegt samráð við Snerpu um umrædda kerfisuppbyggingu, né tekið hæfilegt tillit til hagsmuna Snerpu sem samkeppnisaðila sem þegar var með þjónustu í rekstri í Holtahverfi. Einnig er leyst úr ágreiningi fyrirtækjanna um aðgang Snerpu að einstökum götuskápum Mílu í hverfinu. Niðurstaða PFS er að þar sem Snerpa fær ekki beinan aðgang að tilteknum götuskáp þarf Míla að veita Snerpu fullnægjandi lausn sem gerir Snerpu eins setta og ef aðgangur að götuskáp hefði verið veittur.

Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á verklagsreglum Fjarskipta hf. um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna um fjarskipti

Ákvörðun nr. 35/2014 - 23. desember 2014

Fjarskipti hf. stóðst úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á verklagsreglum félagsins um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna skv. lögum um fjarskipti. Í ljós komu minniháttar frávik frá skilyrðum ákvæðis um eyðingu gagna um fjarskiptaumferð eða kröfu sama ákvæðis um að þau séu gerð nafnlaus. Einnig er það niðurstaða PFS að framkvæmd Fjarskipta á upplýsingaskyldu félagsins um úrvinnslu gagna um fjarskiptanotkun og tímallengd hennar, í formi almennrar kynningar á vinnslu gagna um fjarskiptaumferð á heimasíðu félagsins, tryggji ekki með nægjanlegum hætti að skilyrði laga um fjarskipti séu uppfyllt.

Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á verklagsreglum Hringdu ehf. um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna um fjarskipti

Ákvörðun nr. 36/2014 - 23. desember 2014

Hringdu ehf. stóðst úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á verklagsreglum félagsins um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna skv. lögum um fjarskipti. Í ljós komu minniháttar frávik frá skilyrðum ákvæðis um eyðingu gagna um fjarskiptaumferð eða kröfu sama ákvæðis um að þau séu gerð nafnlaus. Framkvæmd Hringdu á upplýsingaskyldu þess um úrvinnslu gagna um fjarskiptanotkun og tímalengd hennar uppfyllti ekki skilyrði laga um fjarskipti.

Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á verklagsreglum IP fjarskipta ehf. um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna um fjarskipti

Ákvörðun nr. 37/2014 - 23. desember 2014

IP fjarskipti ehf. stóðst úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á verklagsreglum félagsins um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna skv. lögum um fjarskipti. Ekki er að finna frávik frá skilyrðum ákvæðis um eyðingu gagna um fjarskiptaumferð eða kröfu sama ákvæðis um að þau séu gerð nafnlaus, í starfsemi IP fjarskipta ehf. Framkvæmd IP fjarskipta ehf. á upplýsingaskyldu þess um úrvinnslu gagna um fjarskiptanotkun og tímalengd hennar uppfyllti ekki skilyrði laga um fjarskipti.

Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á verklagsreglum Nova ehf. um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna um fjarskipti

Ákvörðun nr. 38/2014 - 23. desember 2014

Nova ehf. stóðst úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á verklagsreglum félagsins um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna skv. lögum um fjarskipti. Ekki er að finna frávik frá skilyrðum ákvæðis um eyðingu gagna um fjarskiptaumferð eða kröfu sama ákvæðis um að þau séu gerð nafnlaus, í starfsemi Nova ehf. Almennir viðskiptaskilmálar Nova ehf. og framkvæmd félagsins á upplýsingaskyldu þess uppfylla skilyrði laga um fjarskipti.

Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á verklagsreglum Símans hf. um meðferð persónuupplýsinga

Ákvörðun nr. 39/2014 - 23. desember 2014

Síminn hf. stóðst úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á verklagsreglum félagsins um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna skv. lögum um fjarskipti. Í ljós komu minniháttar frávik frá skilyrðum um eyðingu gagna um fjarskiptaumferð eða kröfu sama ákvæðis um að þau séu gerð nafnlaus. Framkvæmd Símans á upplýsingaskyldu fyrirtækisins um úrvinnslu gagna

um fjarskiptanotkun og tímalengd hennar uppfyllti ekki skilyrði laga um fjarskipti.

Útnefning Milu ehf. með alþjónustukvöð

Ákvörðun nr. 40/2014 - 23. desember 2014

Með ákvörðuninni er lögð ný alþjónustukvöð á Milu um að útvega notendum tengingu við almenna fjarskiptanetið. Gerðar eru umtalsverðar breytingar á þeirri alþjónustuskýldu sem fram að því hafði hvílt á Milu, og þar áður Símanum, en kvöðin hafði verið nær óbreytt frá árinu 2005. Ákvörðunin tók mið af markmiðum um að hvetja til uppbyggingar á ljósleiðara- og aðgangsnetum um land allt sem sett eru fram í þingsályktunum Alþingis um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022 og fjögurra ára framkvæmdaáætlun fyrir árin 2011-2014. Einnig var litið til fjarskiptaáætlunar fyrir Evrópu (Digital Agenda for Europe) sem hefur sama markmið um almennt aðgengi að fjarskiptum.

Við vinnslu málsins hafði stofnunin viðtækt og opið samráð við hagsmunaaðila og bærust fjölmargar umsagnir frá ýmsum aðilum, m.a. fjarskiptafyrirtækjum, einstökum sveitarfélögum og samtökum þeirra, Byggingastofnun og Bændasamtökunum.

Verð og skilmálar fyrir VDSL+ fyrirtækjatengingar og lén og tengiskil vegna samtenginga

Ákvörðun nr. 41/2014 - 23. desember 2014

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur, með ákvörðun sinni nr. 41/2014, samþykkt gjaldskrá og skilmála Milu ehf. fyrir lén og tengiskil vegna samtenginga og VDSL+ fyrirtækjatenginga, með tilteknum breytingum.

Kvörtun vegna óumbeðinna fjarskipta Miniads.is

Ákvörðun nr. 42/2014 - 23. desember 2014

MiniAds.is braut gegn ákvæðum laga um fjarskipti þegar það sendi tölvupóst fyrir beina markaðssetningu á netfang kvartanda án fyrirfram samþykkis hans.

ÚRSKURÐIR ÚRSKURÐARNEFNDAR FJARSKIPTA- OG PÓSTMÁLA

Frestun réttaráhrifa - vegna kærur Gagnaveitu

Reykjavíkur á ákvörðun PFS nr. 32/2014

Úrskurður nr. 5/2014 - 10. janúar 2014

Úrskurðarnefnd samþykkti kröfu Gagnaveitu Reykjavíkur um frestun réttaráhrifa ákvörðunar PFS meðan kærur Gagnaveitunnar væri til meðferðar hjá nefndinni.

**Frestun réttaráhrifa - kæra Árvakurs hf. á ákvörðun
Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 3/2014
Úrskurður nr. 2/2014 - 9. júní 2014**

Úrskurðarnefnd hafnar kröfu Árvakurs hf. um að fresta réttaráhrifum ákvörðunar PFS meðan kæran er til meðferðar hjá nefndinni.

**Frestun réttaráhrifa - kæra Fjarskipta hf. á ákvörðun
Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 1/2014
Úrskurður nr. 3/2014 - 23. júní 2014**

Úrskurðarnefnd hafnaði kröfu Fjarskipta hf. (Vodafone) um frestun réttaráhrifa ákvörðunar PFS meðan kæra Fjarskipta væri til meðferðar hjá nefndinni.

**Frestun réttaráhrifa - vegna viðbótarkrafna Árvakurs við
kæru vegna ákvörðunar PFS nr. 3/2014
Úrskurður nr. 2/2014 - 6. október 2014**

Úrskurðarnefnd hafnar viðbótarkröfu Árvakurs um frestun réttaráhrifa ákvörðunar PFS.

**Kæra Fjarskipta hf á ákvörðun PFS nr. 1/2014 um
afmörkun gildissviðs fjarskiptalaga vegna vefsvæðis
Fjarskipta hf.**

Úrskurður nr. 3/2014 - 11. október 2014

Úrskurðarnefnd staðfestir ákvörðun PFS.

**Kæra Íslandspósts á ákvörðun PFS nr. 3/2014 um
gjaldskrá og skilmála Íslandspósts fyrir almenn bréf
51 - 2000 gr.**

**Úrskurður í málum nr. 1/2014 og nr. 2/2014
- 30. nóvember 2014**

Úrskurðarnefnd fellir úr gildi ákvæði 4. mgr. ákvörðunar PFS um að ÍSP skuli setja inn í skilmála félagsins ákvæði um að leyfilegt sé að þyngdarmunur sé á einsleitum sendingum innan hvers þyngdarflokks, eftir atvikum með aðkomu sendanda. Ákvörðun PFS var staðfest að öðru leyti.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2014

Tekjur	2014	2013
Markaðar tekjur	384.662.664	345.905.523
Rekstrartekjur	<u>28.752.259</u>	<u>26.332.882</u>
	<u>413.414.923</u>	<u>372.238.405</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	227.582.777	242.936.038
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	20.893.699	14.624.483
Funda- og ferðakostnaður	14.263.776	12.168.100
Aðkeypt sérfræðipjónusta	17.202.913	17.585.077
Rekstur tækja og áhalda	2.053.473	565.833
Annar rekstrarkostnaður	6.589.326	6.059.628
Húsnæðiskostnaður	22.605.732	25.105.472
Félagsgjöld til alþjóðastofnana	32.151.125	23.008.441
Bílfreiðakostnaður	644.731	1.076.282
Tilfærslur	<u>90.000</u>	<u>50.000</u>
	344.077.552	343.179.354
Eignakaup	<u>27.225.100</u>	<u>3.758.041</u>
	<u>371.302.652</u>	<u>346.937.395</u>
Tekjuafgangur fyrir hrein fjármagnsgjöld	42.112.271	25.301.010
Hreinar fjármunatekjur	<u>1.980.099</u>	<u>1.801.072</u>
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	44.092.370	27.102.082
Ríkisframlag	<u>5.000.000</u>	<u>5.000.000</u>
Tekjuafgangur ársins	<u><u>49.092.370</u></u>	<u><u>32.102.082</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2014¹

Eignir	2014	2013
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	84.351.999	39.708.673
Viðskiptakröfur	15.503.741	5.617.280
Handbært fé	30.964.272	30.858.946
	<u>130.820.012</u>	<u>76.184.899</u>
Eignir alls	<u>130.820.012</u>	<u>76.184.899</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	(6.164.954)	(1.146.951)
Millifært á bundið eigið fé ²	(53.980.730)	(37.120.085)
Tekjuafgangur ársins	49.092.370	32.102.082
Höfuðstóll	<u>(11.053.314)</u>	<u>(6.164.954)</u>
Annað eigið fé:		
Bundið eigið fé	130.546.134	76.565.404
Eigið fé	<u>119.492.820</u>	<u>70.400.450</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	11.327.192	5.784.449
Skuldir	<u>11.327.192</u>	<u>5.784.449</u>
Eigið fé og skuldir	<u>130.820.012</u>	<u>76.184.899</u>


¹PFS bendir á að misræmi er á milli uppgjörsaðferða Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðunar.

²Binding eigin fjár PFS er ákveðin af Alþingi í fjárlögum. Þetta leiðir til þess að stofnunin fær ekki notið að fullu þeirra lögbundnu tekjustofna sem hún hefur.

SKRÁÐ FJARSKIPTAFYRIRTÆKI Í LOK ÁRS 2014

Nafn	Skráð	Tegund starfsemi
1800 ehf.	23.5.2014	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
365-miðlar ehf.	17.1.2013	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Advania hf.	17.4.2002	Gagnaflutningsþjónusta
Alterna Tel ehf.	8.1.2010	Talsíma-, farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Ábótinn ehf.	28.3.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Backbone ehf.	25.8.2010	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Biokraft ehf.	7.5.2014	Gagnaflutningsnet
Bloomberg Finance L.P.	19.7.2007	Leigulínubjónusta og almennt fjarskiptanet
Boðleið þjónusta ehf.	24.9.2013	Gagnaflutningsþjónusta
Brimrún ehf.	3.4.2008	Gagnaflutningsþjónusta um gervitungl
BT Solutions Limited, útibú á Íslandi	28.7.2014	Gagnaflutningsþjónusta
Caze ehf.	9.12.2013	Gagnaflutningsþjónusta
Colt Lux Group Holding S.a.r.l.	9.12.2011	Gagnaflutningsþjónusta
DataBox ehf.	13.12.2010	Talsímaþjónusta og fjarskiptanet
Datacell ehf.	25.8.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Davíð og Goliat ehf.	3.5.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
DCG Iceland ehf.	24.3.2014	Gagnaflutningsþjónusta
DCN Hub ehf.	10.12.2012	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
DVD-Margmiðlun ehf.	6.2.2004	Rekstur breiðbandskerfis fyrir útvarpsdreifingu
Einar Ben Þorsteinsson	26.8.2013	Gagnaflutningsnet- og þjónusta
Emerald Networks ehf.	29.6.2011	Sæstrengur og gagnaflutningsþjónusta
Equant á Íslandi ehf.	7.7.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Factor ehf.	30.5.2013	Gagnaflutningsnet- og gagnaflutningsþjónusta
Farice ehf.	2.9.2003	Sæstrengur
Feris ehf.	6.1.2014	Gagnaflutningsþjónusta
Fjarskiptafélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps ehf.	8.3.2013	Gagnaflutningsnet
Fjarskipti hf.	27.3.2007	Talsímaþjónusta, farsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Fjölnet ehf.	26.10.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Fónn ehf.	26.5.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Gagnaveita Hornafjarðar ehf.	13.2.2013	Fjarskiptanet
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	23.3.2007	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Gagnaveita Skagafjarðar ehf.	30.11.2006	Gagnaflutningsþjónusta
Gagnaveita Suðurlands ehf.	9.12.2013	Gagnaflutningsþjónusta
Gagnaveitan ehf.	8.6.2011	Fjarskiptaþjónusta
Global Mission Network ehf.	16.12.2014	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
GlobalCall ehf.	4.9.2008	Talsímaþjónusta
Gullskógar ehf.	5.2.2010	Talsímaþjónusta
Hátíðni hf.	24.1.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Hringdu ehf.	9.11.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Hringiðan ehf./Vortex Inc.	3.12.1998	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Hvalfjarðarsveit	31.3.2014	Fjarskiptanet
Icelandair ehf.	14.2.2014	Fjarskiptanet
iCell ehf.	25.8.2010	GSM, talsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta o.fl.
IMC Ísland ehf.	27.6.2000	DCS 1800 farsímaþjónusta
Internet á Íslandi hf.	3.2.1998	Fjarskiptanet, talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
IP fjarskipti ehf. (TAL)	15.9.2004	Talsíma-, farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
IRJA ehf.	3.5.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Isavia ohf.	30.12.2010	Talþjónusta við flugvél
Já upplýsingaveitur hf.	21.11.2007	Útgáfa síma- og vistfangaskrár. Símaupplýsingaþjónusta
Kapalkerfi ehf.	14.5.2004	Rekstur kapalkerfis

Kukl ehf.	20.3.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Kvíaholt ehf.	20.2.2012	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Lancelot BV	20.2.2012	Farsímanet og -þjónusta
Landhelgisgæsla Íslands	1.1.2011	Rekstur og útleiga NATO ljósleiðarastrengs
LíF í Mýrdal ehf.	15.9.2014	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Ljós og gagnaleiðari ehf.	10.8.2009	Gagnaflutningsnet
Magnavík ehf.	1.4.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Martölvan ehf.	26.11.2007	Talsíma, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Míla ehf.	4.4.2007	Fjarskiptanet
Nepal hugbúnaður	21.2.2005	Gagnaflutningsþjónusta og þráðlaust fjarskiptanet
Netsamskipti ehf.	4.12.2002	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Netvarpið ehf.	12.8.2013	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Nextgen Mobile Ltd.	11.11.2013	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Neyðarlínan ohf.	6.10.1999	Talsímaþjónusta/neyðarsímsvörðun
Nova ehf.	12.7.2006	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Nýherji hf.	12.12.2011	Gagnaflutningsþjónusta
Nýr valkostur ehf.	20.6.2014	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
OnAir S.A.R.L.	29.4.2008	Farsímaþjónusta um borð í flugvélum (MCA)
Opex ehf.	12.9.2013	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Opin kerfi ehf.	25.2.2011	Gagnaflutningsþjónusta
Orkufjarskipti hf.	26.10.2001	Fjarskiptanet
Packet ehf.	11.2.2011	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Pálmi Sigmarsson	10.10.2014	Rekstur þráðlauss fjarskiptanets og gagnaflutningsþjónusta um þráðlaus net
Radíó ehf. - Íslensk fjarskipti	22.8.2006	Fjarskiptaþjónusta
Ríkisútvarpið ohf.	29.7.1997	Fjarskiptaþjónusta: Hljóðvarp og sjónvarp
Símafélagið ehf.	15.10.2008	Talsímaþjónusta og fjarskiptanet
Símaþjónustan ehf.	28.6.2013	Talsímaþjónusta
Síminn hf.	30.7.1998	Talsímaþjónusta, GSM, gagnaflutningsnet o.fl.
Sjónvarpsmiðstöðin ehf.	8.10.2009	Gagnaflutningsþjónusta
Skjárinn ehf.	16.12.2014	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Smartphone ehf.	8.3.2013	Tal- og farsímaþjónusta
Snerpa ehf.	17.8.2000	Fjarskiptanet/ tal- og gagnaflutningsþjónusta
Softverk ehf.	20.3.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
SportTV ehf.	12.8.2013	Sjónvarp, hljóðvarp og fjarskiptaþjónusta
Streaming Media ehf.	10.10.2014	Rekstur þráðlauss fjarskiptanets, gagnaflutningsþjónusta um fastanet og þráðlaus net, hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Stykkishólmsbær	2.5.2002	Gagnaflutningsnet
TELE Greenland A/S	24.6.2008	Sæstrengur
Tengir ehf.	20.9.2002	Ljósleiðaranet
Thor Telecom Ísland ehf.	15.10.2014	Gagnaflutningsþjónusta um fastanet og þráðlaus net og hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
TSC ehf.	18.1.2002	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Tækni miðlun ehf.	27.8.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands ehf.	29.3.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Tölvun ehf.	25.4.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Tölvustof ehf.	15.4.2009*	Gagnaflutningsþjónusta
UAB Raystorm	14.2.2014	Farsímaþjónusta
Upplýsingatæknifélagið Omnis ehf.	28.1.2013	Gagnaflutningsþjónusta
Þekking - Tristan hf.	16.1.2004	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Þorvaldur Stefánsson	14.10.2014	Flutningur skipaþjónustugagna
Öryggisfjarskipti ehf.	6.10.2008	Fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet/TETRA



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

pfs.is